



06
RÉTTINDI
ÞÍN Í DESEMBER

12
STREITURÁÐ
FYRIR VETURINN

16
GEFUR ÞÚ
AF ÞÉR UM JÓLIN?

18
ÞJÓNUSTA
VR Á AKRANESI



06

FÉLAGSMÁL

03

Leiðari

04

Fréttir

12

Nokkur streituráð fyrir veturinn

14

Parftu aðstoð við skattframtalið?

15

Hádegisfyrirlestrar

16

Gefur þú af þér um jólin?

17

Viltu styrkja Kvennaathvarfið um hálf milljón?

18

VR á Akranesi

20

Félagsmenn VR á Akranesi

28

Tillögur að breytingum á kosningalögum VR

30

Viðtal við Ragnar Þór, formann VR

32

Trúnaðarmaðurinn - Kolbrún Diego

33

Námskeið fyrir trúnaðarmenn 2018

35

Úrbóta krafist í húsnæðis- og kjaramálum

STARFSMENNTAMÁL

22

Fjórða iðnbyltingin - áskoranir og tækifæri

23

Hækkun á starfsmenntastyrkjum í starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks

24

Mikilvægt að allir nýti möguleika til starfsþróunar

26

Viðtal við Ingva Brynjar Sveinsson verslunarstjóra hjá Útilíf

KJARAMÁL

06

Réttindi þín í desember

08


Konur 55 ára og eldri hafa setið eftir

09

Verðtrygging og vextir í brennidepli

10

Verðtryggingin og vaxtastig



17



18



Forsíðumynd

Gleðilega hátíð!

VR BLAÐIÐ

4. tbl. 39. árgangur desember 2017

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri

Unnur Guðríður Indriðadóttir

Ritstjórn

Árni Leósson
Fjóla Helgadóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Unnur Guðríður Indriðadóttir
Þorsteinn Skúli Sveinsson

Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur, Guðmundur Þór Kárasón og Snorri Sturluson

Prentun

Oddi

Upplag

27.170

Stjórn VR

Ragnar Þór Ingólfsson formaður
Helga Ingólfssdóttir varaformaður
Harpa Sævarsdóttir ritari
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Elisabeth Courtney
Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Unnur María Pálmadóttir

Varamenn

Guðrún Björk Hallgrímsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Rannveig Sigurðardóttir

KERFISBREYTINGAR Á VINNUMARKAÐI – UPPHAF EÐA ENDIR VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR?



» Treystum við þessu fólki til að semja um lífsgjör okkar og laun með þá rökprota hugmyndafræði sem það stendur fyrir? Svárið mitt er NEI! «

RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON
FORMAÐUR VR

Því er reglulega haldið fram að kerfisbreytinga sé þörf á íslenskum vinnumarkaði. Í því samhengi er svokallað SALEK samkomulag reglulega nefnt. Með því er skírskotað til norræns samningalíkans sem gerir ráð fyrir að stjórnvöld í samvinnu við hagsmunaaðila á vinnumarkaði ákveði hvert svigrúm hagkerfisins skuli vera til launahækkana í nafni þess að verja stöðugleika og kaupmátt.


En hvað er raunverulega verið að verja og hverjir munu á endanum fá þau verðmæti sem skapast og hverjir munu ákvarða hvert meint svigrúm sé til kjarabóta hverju sinni? Með þjóðhagsráði virðist eiga að búa til samráðsvettvang um kaup og kjör almennings sem að mínu áliti mun málbinda og taka samningsréttinn af stéttarfélagunum. Þeir sem eru nefndir til sögunnar eru ráðherrar sitjandi ríkisstjórnar hverju sinni, Seðlabankastjóri, forseti ASÍ og frammámenn SA svo eitthvað sé nefnt.

Treystum við þessu fólki til að taka ákvarðanir um kaup okkar, lífsgæði og kjör? Margir bera takmarkað traust til ASÍ um þessar mundir þótt stjórnmalaflokkarnir gangi út frá því sem vísu að sambandið tali fyrir allt launafólk á Íslandi þegar aðilar vinnumarkaðarinnar eru kvaddir til skrafs og ráðagerða. Við vitum ósköp vel hvað SA stendur fyrir og ég tala nú ekki um Seðlabankastjóra sem telur vaxtastig á Íslandi eðlilegt og að vextir í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við séu hreinlega alltof lágir og að sömu lönd horfi jafnvel til Íslands þegar kemur að vaxtamálum.

Treystum við þessu fólki til að semja um lífsgjör okkar og laun með þá rökprota hugmyndafræði sem það stendur fyrir? Svárið mitt er NEI!

Stéttarfélagspáttaka á Norðurlöndunum er á miklu undanhaldi og verkalyðshreyfingin á undir högg að sækja. Af hverju ætli það sé?

Ef eitthvað vit á að vera í því að skoða samningalíkan að norræni fyrirmynd hér á Íslandi og fá stéttarfélagin að borðinu þarf að skoða heildarmyndina - allan pakkann. Ekki bara launaliðinn og taka hann út fyrir sviga. Við búum ekki við sama félagslega stöðugleika eða stöðuga gjaldmiðla eins og frændur okkar á Norðurlöndum gera. Og þar er líka réttur neytenda gagnvart fjármálakerfinu, tryggingafélagum og leigufélagum tryggður með lögum og gerðardómsstigum, á meðan réttur okkar á Íslandi er fótum troðinn, svo vægt sé til orða tekið. Við þurfum að ræða raunveruleg úrræði í húsnæðismálum, heilbrigðiskerfið, geðheilbrigðismálin, vaxtastigið og verðtrygginguna og grunnþjónustuna almennt. Að taka eingöngu launaliðinn út fyrir sviga í nafni stöðugleika að hætti norrænnar velferðar er eins og að kaupa plástra, eins og notaðir eru þar sem heilbrigðisþjónustan er best, til að leysa heilbrigðisvandann.

Það er svo sannarlega þörf fyrir kerfisbreytingar í okkar samfélagi en við byrjum ekki á öfugum enda. Það hefur reynslan kennt okkur. 

Ragnar Þór Ingólfsson
Formaður VR



JÓLATÓNLEIKAR VR

Jólatónleikar VR verða haldnir í hádeginu **14. desember kl. 12.00-13.00**. Söngkonan Jóhanna Guðrún mun sjá um tónleikana að þessu sinni. Afslöppuð jólastemning verður og mun hún flytja nokkur vel valin jólalög sem ættu að koma öllum í jólaskap. Með Jóhönnu verður gítarleikarinn Davíð Sigurgeirsson. Jólatónleikarnir verða í sal VR í Húsi verslunarinnar á jarðhæð. Boðið verður upp á léttan hádegismat. Skráning fer fram á vefsíðu VR, vr.is – takmörkuð sæti eru í boði.



JÓLABALL VR

Jólaball VR verður haldið sunnudaginn **10. desember í Flóa í Hörpu frá kl. 15.00-17.00**. Flói er á fyrstu hæð hússins. Sigríður Beinteinsdóttir og Grétar Örvarsson leika jólalög og dansað verður í kringum jólatréð.

Skráning á jólaballið er á vef VR, www.vr.is á Mínum síðum. Miðinn á ballið kostar 500 kr, en frítt er inn fyrir börn 12 ára og yngri. Allir fá glaðning frá jólasveininum.

Bílastæðahús er við Hörpu og þaðan er aðgengilegt beint inn í húsið. Gjaldskylda er í bílastæðin.



SAMSTARF STARFSMENNTASJÓÐA VIÐ HÁSKÓLANN Á BIFRÖST OG HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK UM ÞRÓUN FAGHÁSKÓLANÁMS

Háskólinn á Bifröst ásamt HR, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofu-fólks og Starfsmenntasjóði verslunarinnar sóttu um styrk til þróunar fagháskólanáms í verslunarstjórnun. Umsóknin hefur verið samþykkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað og er námið að líta dagsins ljós. Það hefur hlotið nafnið Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun og mun hefjast í janúar 2018. Námið verður 60 ECTS-eininga nám og nýttast einingarnar áfram í BS-gráðu í viðskiptafræði fyrir þá sem óska þess að halda áfram í námi. Námið er hannað út frá hæfnigreiningu á starfi verslunarstjóra, rýnihópavinnu með starfandi verslunarstjórum og samstarfi við lykilyrirtæki í verslun. Sjá nánari upplýsingar um námið og skráningu í það á www.starfsmennt.is.



OPNAÐ FYRIR BÓKANIR ORLOFSHÚSA

Þann **9. janúar 2018 kl. 19.00** verður opnað fyrir bókanir orlofshúsa sumarið 2018 (tímabilið 2. júní til 31. ágúst).

Þann **11. janúar 2018 kl. 10.00** verður opnað fyrir bókanir orlofshúsa fyrir þá sem leigðu orlofshús sumarið 2015, 2016 eða 2017.

Þann **16. janúar 2018 kl. 10.00** verður opnað fyrir bókanir sem ná yfir tímabilið 31. ágúst 2018 til 31. maí 2019.

Hægt verður að bóka orlofshús rafrænt á Mínum síðum á vr.is. Einnig verður skrifstofa VR opin að kvöldi 9. janúar og geta þeir félagsmenn sem ekki bóka rafrænt komið til okkar. Þá verður einnig tekið við bókunum í þjónustuveri VR í síma 510 1700.

VR STYÐUR HJÁLPARSTARF UM JÓLIN

VR styrkir starf hjálparamtaka um jólin eins og undanfarin ár. Í ár var ákveðið að styrkja **Hjálparstarf kirkjunnar** um tvær milljónir króna og **Rauða kross Íslands** um tvær milljónir króna. Auk þess verða deildir Rauða kross Íslands á Akranesi, Austurlandi, Suðurlandi og í Vestmannaeyjum styrktar um kr. 250.000 hver.

Félagið vill þannig leggja sitt af mörkum til að aðstoða þá sem helst þurfa á stuðningi að halda yfir hátíðirnar.

Með þessu fjárframlagi fylgir ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári til félagsmanna og landsmanna allra og ekki síst þeirra sem glíma við erfiðleika og veikindi.



VR FRÆÐIR UNGMENNI UM RÉTTINDI OG SKYLDUR Á VINNUMARKAÐI

VR býður upp á frábærar kynningar fyrir útskriftarhópa úr grunn- og framhaldsskólum. Mikil ánægja hefur ríkt meðal nemenda og kennara með kynningarnar, en markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Í kynningunni er farið yfir helstu grunnþætti sem mikilvægt er að ungt fólk þekki þegar það fer út á vinnumarkaðinn eins og kjarasamninga, launataxta, lágmarkslaun og veikindarétt svo eitthvað sé nefnt. Þá er mikilvægt að unga fólk sé meðvitað um hvaða hlutverki stéttarfélagin gegna og þjónustuna sem þau veita. Fræðslan hefur forvarngildi, þar sem mikið er um að brotið sé á ungu fólk, og hefur hún gefið góða raun.

Forsvarsmenn skóla geta bókað kynningu með því að hringja í þjónustuveri VR í síma 510 1700 eða sent tölvupóst á Önnu Lilju, anna@vr.is.

RÉTTINDI ÞÍN Í DESEMBER

Nú er mesta vinnutörn ársins að hefjast hjá verslunarfólki. Við viljum því minna á ýmis atriði sem lúta að réttindum og skyldum starfsmanna.

SKRÁNING VINNUTÍMA

Pegar mikið er að gera er góð vinnuregla að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa.

Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.

FRÍDAGAR YFIR HÁTÍÐARNAR

Ekki er vinnuskylda á þessum dögum og skulu launamenn halda sínum dagvinnulaunum óskertum. Auk þess má minna á að **fyrsta vinnudag eftir jóla skal dagvinna í verslunum hefjast kl. 10.00.**

Eftir kl. 12.00 á aðfangadag (stórhátíðardagur).

Jóladagur (stórhátíðardagur).

Annar í jólum (almennur frídagur).

Eftir kl. 12.00 á gamlársdag (stórhátíðardagur).

Nýársdagur (stórhátíðardagur).

LAUN Á FRÍDÖGUM

Sampykki launamenn að taka að sér vinnu á frídögum skal greiða eftirvinnukaup (yfirvinnukaup ef vinna þessi er umfram 171,15 klst. hjá afgreiðslufólki) fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðarkaup fyrir vinnu á stórhátíðardögum.

Kaupið reiknast þannig:

Eftirvinnukaup: 0,8235% af mánaðarl. fyrir dagvinnu í verslun.

Næturvinnukaup: 0,8824% af mánaðarl. fyrir dagvinnu í verslun.

Eftirvinnukaup: 0,8875% af mánaðarl. fyrir dagvinnu á skrifstofu.

Næturvinnukaup: 0,9375% af mánaðarl. fyrir dagvinnu á skrifstofu.

Yfirvinnukaup: 1,0385% af mánaðarl. fyrir dagvinnu á skrifstofu og í verslun.

Stórhátíðarkaup: 1,375% af mánaðarl. fyrir dagvinnu á skrifstofu og í verslun.

Hefðbundin dagvinnulaun launamanns í föstu og reglubundnu starfi haldast auk þess óbreytt.

DAGLEGUR HVÍLDARTÍMI

Á hverjum sólarhring á **starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld.** Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst.



DESEMBERUPPBÓT

Minum á að desemberuppbót til félagsmanna VR skal greiðast ekki síðar en 15. desember. Desemberuppbót fyrir fullt starf á árinu 2017 er **kr. 86.000.**

Sjá reiknivél fyrir desemberuppbót á www.vr.is.

FRÁVIK OG FRÍTÖKURÉTTUR

Ef 11 klst. hvíld næst ekki, skal veita hana síðar. Þannig safnast upp svokall- aður frítökuréttur. **Fyrir hverja klukkustund sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klukkustund í dagvinnu í frítökurétt.**

Dæmi: Starfsmaður hefur störf kl. 08.00. Hann lýkur störfum kl. 23.00 og kemur aftur til vinnu kl. 08.00 daginn eftir. Samfelld hvíld á milli vinnudaga er einungis níu klst. Hvíldartími hefur þ.a.l. verið skertur um tvær klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt upp á 3 klst. fyrir vikið.

Undir öllum kringumstæðum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.

VIKULEGUR FRÍDAGUR

Vinnu skal skipuleggja á þann hátt að hver starfsmaður fái a.m.k. einn vikulegan frídag. Ef starfsmaður er látinn vinna sjö daga í röð, á hann rétt á frí á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.

HELGARVINNA

Pegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir **4 klukkustundir**, þótt unnið sé skemur.

MATAR- OG KAFFITÍMAR

Hádegismatartími: Á bilinu **1/2 til 1 klukkustund** (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. **Starfsfólk þarf að vinna a.m.k. 5 klukkustundir** til að öðlast rétt til matartíma í hádegini.

Kvöldmatartími: **1 klukkustund** (á milli kl. 19.00 og 20.00) og telst til vinnutíma. **Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi.** Réttur til kvöldmatartíma miðast við a.m.k. fjögurra og hálfra klst. vinnu.

Kaffitími: **35 mínútur** á dag hjá afgreiðslufólki og **15 mínútur** hjá skrifstofufólki, miðað við fullan vinnudag. Er veittur í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum.

Ef unnið er lengur en til kl. 22.00 skal veita annan **20 mínútna** kaffitíma á tímabilinu kl. 22.00-22.20. Á **Þorláksmessu** er heimilt að veita þann kaffitíma á bilinu kl. 21.40-22.20.

Nánari upplýsingar er að finna á vr.is/kjaramal

KONUR 55 ÁRA OG ELDRI Hafa SETIÐ EFTIR

Mikil fjölgun starfa hefur einkennt íslenskan vinnumarkað síðustu ár og skráð atvinnuleysi minnkað mikið í öllum aldurshópum. Sömu sögu er hins vegar ekki að segja af földu atvinnuleysi. Þar er staðan svipuð og fyrir hrun og er staða kvenna 55 ára og eldri verst. Falið atvinnuleysi kvenna á þessum aldri er mun meira hér á landi en í flestum nágrannalöndum okkar.

Atvinnulausir eru þeir sem eru án atvinnu en vilja vinna, hafa leitað að atvinnu undanfarnar fjórar vikur og geta hafið störf á næstu tveimur vikum, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands. Þeir sem falla undir skilgreiningu yfir falið atvinnuleysi eru þeir sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði en;

- eru tilbúnir til að vinna en eru ekki að leita sér að atvinnu,
- eru að leita að atvinnu en eru ekki tilbúnir til að hefja störf innan tveggja vikna,
- eru í hlutastarfi en vilja vinna meira.

Atvinnuleysi sem hlutfall af mannfjölda hefur minnkað mikið frá hrúni og er nú svipað og á árunum 2006-2007. Falið atvinnuleysi hefur hins vegar ekki dregist eins mikið saman. Árið 2007 mældist falið atvinnuleysi 4,6% að meðaltali en jókst mjög mikið strax eftir hrun. Árið 2009 mældist það nálægt 7% og er enn á svipuðum slóðum eins og sjá má á mynd 1.


STAÐA ELDRI KVENNA SLÆM

Helsta ástæða þess að falið atvinnuleysi hefur ekki lækkað til jafns við skráð atvinnuleysi er mikil aukning í földu atvinnuleysi hjá konum 55 ára og eldri. Þó aukning hafi einnig verið hjá körlum á sama aldri, er staða kvenna sýnu verri. Falið atvinnuleysi hjá konum 55 ára og eldri var um 8% árið 2016 að meðaltali en 3% árið 2007. Hjá körlum á sama aldri var falið atvinnuleysi um 4,5% árið 2016 en um 2% árið 2007.


ÍSLAND OG FINNLAND SKERA SIG ÚR

Ef við skoðum stöðuna í evrópskum samanburði sést að Ísland og Finnland skera sig nokkuð úr, í báðum löndum hefur falið atvinnuleysi aukist jafnt og þétt frá hrúni og er umtalsvert meira en á hinum Norðurlöndunum. Hjá Finnum hefur falið atvinnuleysi beggja kynja á þessum aldri aukist mikið en á Íslandi eru það einkum konur sem finna fyrir þessari aukningu. Staðan hjá körlum á Íslandi er í takt við meðaltal ríkja Evrópusambandsins. [v](#)

Mynd 1 Atvinnuleysi 2004 - 2017



Mynd 2 Falið atvinnuleysi kvenna 55 ára og eldri



VERÐTRYGGING OG VEXTIR Í BRENNIDEPLI

„Guð blessi heimilin“; VR og Verkalýðsfélag Akraness stóðu fyrir opnum fundi um vexti og verðtryggingu.

VR og Verkalýðsfélag Akraness stóðu fyrir opnum fundi í Háskólabíó í október til að vekja athygli á einu brýnasta hagsmunamáli heimilanna í landinu, háu vaxtastigi og verðtryggingu neytendalána. Fundurinn var einnig sýndur í beinni útsendingu á netinu og fylgdust rúmlega þúsund manns með þeirri útsendingu.

Auk formanna VR og Verkalýðsfélags Akraness, Ragnars Þórs Ingólfssonar og Vilhjálms Birgissonar, tóku til máls Ólafur Margeirsson hagfræðingur, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Ásta Lóa Þórsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna. Fulltrúum allra stjórnmalaflokka var boðið til fundarins til að skýra frá afstöðu flokka sinna til vaxtamála og verðtryggingarinnar en fundurinn var haldinn skömmu fyrir síðustu þingkosningar.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, lagði áherslu á stöðu launafólks og heimila í setningarávarpi fundarins og benti á að síðustu ár hafi fjölgað mjög félagsmönnum í Sjúkrasjóði VR sem greinst hafi með kvíða og þunglyndi. Húsnæðismál vega þar þungt, sagði Ragnar, fólk nær ekki endum saman í núverandi vaxtaumhverfi. Tækifæri til að afnema verðtryggingu hafi verið mýmörg síðustu ár en brýnt væri að bregðast við áður en það yrði of seint, fólk væri að gefast upp. Ragnar Þór gagnrýndi stjórnvöld og stjórnmalamenn harðlega í ávarpi sínu, rót vandans liggur í hagstjórninni, sagði hann, og getuleysi stjórnmalamanna að sniðganga hagfræðikennningar sem ekki standast skoðun. „Er ekki nóg komið af afsökunum,“ spurði formaður VR í ávarpi sínu.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, gagnrýndi Seðlabanka Íslands og sagði bankann eiga vera fremstan í flokki í baráttunni fyrir afnámi verðtryggingarinnar, hún leiði af sér auknið peningamagn í umferð og verðbólguþrýsting, hvetji til mikillar skuldsetningar og dragi úr virkni peningamálafestnu bankans. Vilhjálmur benti á að verðtryggðir vextir á húsnæðislánum á Íslandi séu hærri en óverðtryggðir vextir í nágrannalöndunum. Íslensk heimili greiði 92 þúsund krónum meira af húsnæðislánum sínum á mánuði en heimili á Norðurlöndunum. „Lækkun vaxta myndi skila tugmilljarða ávinningi fyrir íslensk heimili,“ sagði Vilhjálmur.

Kynning Ólafs Margeirssonar hagfræðings bar undirfyrirsögnina „Þegar fræðin og raunveruleikinn stangast á, breytir maður ekki raunveruleikanum“. Í erindi sínu fór hann yfir þau rök sem iðulega heyrast fyrir verðtryggingu neytendalána og kom með gagnrök fyrir hverju atriði. Hann benti m.a. á að verðtrygging á neytendalánum ýti undir áhættutöku á fasteigna-



Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness og Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR.

markaði, dragi úr áhrifamætti vaxtastefnu Seðlabankans og valdi hærrí vöxtum. Sjá nánar viðtal við Ólaf hér í blaðinu um vaxtamál og verðtrygginguna.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í erindi sínu að núverandi vextir væru lágir í innlendu og alþjóðlegu samhengi en vextir í nágrannalöndum okkar væru hins vegar óvenjulegir. „Vaxtamunurinn gagnvart öðrum löndum endurspeglar efnahagsástand landanna,“ sagði seðlabankastjóri. Már sagði óverðtryggð lán hafa verið dýrari fyrir lántakendur en verðtryggð þegar til lengri tíma sé litið en jafnframt að vægi verðtryggingar hafi minnkað á Íslandi undanfarnar ár. Hann lýsti hins vegar yfir efasemdum um að það væri hagsmunamál fyrir heimilin í landinu að afnema verðtrygginguna. Már benti á að skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafi lækkað undanfarnar ár og eignastaða batnað. Þessa stöðu þyrfti að varðveita með því að tryggja efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika.

Ásta Lóa Þórsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, sagði að þörf fyrir samtök sem berjist fyrir því að lögvarin réttindi almennings væru virt ætti ekki að vera til staðar en samtökin voru stofnsett í byrjun janúar 2009, nokkrum mánuðum eftir hrun. Eitt af helstu baráttumálum samtakanna er að verðtrygging verði bönnuð á neytendalánum. „Ekkert réttlætir það að íslenskir neytendur búi við lánaþjóf sem hvergi þekkist annars staðar,“ sagði formaður Hagsmunasamtakanna. [v](#)

VERÐTRYGGINGIN OG VAXTASTIG

Ólafur Margeirsson, doktor í hagfræði, var einn þeirra sem tók þátt í fundi VR og Verslunarmannafélags Akraness um vexti og verðtryggingu sem haldinn var í október. Ólafur hefur skrifað mikið um efnahagsmál og situr hér fyrir svörum um verðtryggingu og vaxtastig á Íslandi.

VAR VERÐTRYGGINGIN NAUÐSYNLEG Á SÍNUM TÍMA. EF SVO VAR, HALDA ÞAU RÖK ENN ÞANN DAG Í DAG?

Nei, hún var ekki nauðsynleg. Það sem var nauðsynlegt var að breyta fjármálaumhverfinu þannig að fólk gæti fundið langtímasparnaðarkosti sem veittu möguleika á jákvæðri raunávöxtun. Vaxtafrelsi hefði gert það en á þessum tíma var öllum vaxtaákvörðunum handstýrt frá Seðlabankanum og Alþingi – og stjórnáráðgjafum á þessum tíma voru meira að hugsa um að ýta undir rekstrarumhverfi fyrirtækja, jafnvel þótt þau væru illa rekin og ættu réttilega að fá að fara á hausinn. Þess vegna var óhagstæðum fyrirtækjarekstri frekar hjálpað með of lágum nafnvöxtum, mun lægri en verðbólga var. Útlánþensla bankakerfisins á þessum tíma var líka gífurleg, kostnaðarhækkningar miklar, m.a. vegna olíuverðsáfalla, og því eðlilegt að verðbólga væri há. Því miður var rétta skrefið – vaxtafrelsi – ekki tekið fyrir en 1986. Síðan þá hefur tilgangur verðtryggingar á lánum til einstaklinga verið takmarkaður.

HVERJIR HAFNA HAG AF VERÐTRYGGÐUM NEYTENDALÁNUM?

Hver og einn lántaki sem vill hafa litlar skammtímasveiflur í mánaðarlegri greiðslubyrði er ánægður með verðtryggða lánið sitt (hann verður þá í staðinn að treysta á hækkan fasteignaverðs á meðan vilji hann ekki tapa eigin fé í íbúðinni). En gallinn er einmitt að hann er þá varinn fyrir vaxtabreytingum Seðlabankans sem virka þá almennt illa á hagkerfið ef margir lántakar taka verðtryggð lán. Seðlabankinn neyðist þá til að hækka vexti meira en ef enginn tæki verðtryggð lán. Þannig myndast kerfislega óhagstæð niðurstaða fyrir lántaka sem heild, því almennt vaxtastig er hærra með öllum þeim þjóðhagslegu vandræðum sem sprettur af slíku, þótt hver og einn fái persónulegan hag af litlum skammtímasveiflum í greiðslubyrðinni: það sem gildir fyrir einn gildir ekki fyrir heildina. Þetta er sama staðan og þegar þjóðir framleiða kjarnorkusprengrar út frá þróngu sjónarmiði um eigið öryggi. En þegar allir gera það verður heimurinn sem heild óruggari.

EF VERÐTRYGGING VERÐUR AFNUMIN AF NEYTENDALÁNUM, HVER ER ÞÁ STAÐA LÁNTAKENDA EF ÞAÐ KEMUR ANNAD VERÐBÓLGUSKOT?

Það er fjárfri því fullkomið samband milli verðbólgu og vaxtastigs óverðtryggðra lána, líkt og er raunin þegar kemur að heildarkostnaði verðtryggðra lána og verðbólgu þar sem höfuðstóllinn hækkar samhliða vísitölu neysluverðs. Vaxtastig óverðtryggðra lána fer eftir vaxtafrelsi Seðlabanka Íslands og vaxtafrelsi SÍ fer eftir væntingum um verðbólgu en ekki verð-



bólgu á hverjum tíma, þótt væntingar geti vissulega verið háðar verðbólgu á hverjum tíma. Ef verðbólgu skot á sér stað og SÍ telur það eingöngu tímabundið er ólíklegt að hann hækki vexti. Og þá breytist vaxtakostnaður óverðtryggðra lána ekki þótt verðbólga hækki tímabundið.

HVER YRÐI STAÐA LÍFEYRISÞEGA EF VERÐTRYGGING YRÐI AFNUMIN AF NEYTENDALÁNUM?

Sú sama og væri í dag, það yrði engin breyting þar á. Lífeyriseignir væru áfram verðtryggðar en í stað þess að veita verðtryggð lán til neytenda myndu lífeyrissjóðirnir auka kaup sín á verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Þá myndu skynsamir lífeyrissjóðir auka eignir sínar í leiguhúsnæði sem þeir

myndu fjármagna byggingu á, eiga og reka sjálfir: virði leiguhúsnæðis er að stórum hluta verðtryggt til langs tíma, það er langtímaeign og það veitir þeim greiðslufæðistekjur til langs tíma í formi leigutekna.

ER ÍSLAND EINA LANDIÐ ÞAR SEM VERÐTRYGGING ER VIÐ LÝÐI?

Nei, fjöldi ríkja gefur út verðtryggð ríkisskuldabréf: Bandaríkin, England, Frakkland, Síle, Ítalía, Ástralía, Þýskaland og Svíþjóð til að nefna nokkur dæmi. Þessi bréf eru jákvæð fyrir hagkerfið, gefa möguleika á að finna verðtryggða sparnaðarkosti sem auðvelt er að kaupa í litlu magni. Ríkissjóður Íslands ætti hiklaust að auka útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa og helst gefa út eins mikið af verðtryggðum ríkisskuldabréfum og markaðurinn vill eiga. Hins vegar eru aðeins tvö önnur lönd í heiminum með verðtryggð neytendalán, Síle og Ísrael.

AF HVERJU ERU VEXTIR Á ÍSLANDI HÆRRI EN VEXTIR ANNARRA LANDA?

Fyrst og fremst vegna þess að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands telur það skynsamlegt. Seðlabankinn getur stjórnað grunnvaxtastigi, þ.e. ávöxtunarkröfu á skuldbindingum ríkissjóðs, nákvæmlega eins og hann vill, þar með talið á löngum ríkisskuldabréfum. Seðlabanki Japans stýrir t.d. vaxtastigi þannig að hann vill að nafnvextir óverðtryggðra japanska ríkisskuldabréfa séu 0%. Á árunum '31-'46 stjórnaði seðlabanki Englands vöxtum þar í landi þannig að bresk óverðtryggð 10 ára ríkisskuldabréf áttu að bera 2,5% vexti. Sama tala var notuð þegar seðlabanki Bandaríkjanna stjórnaði vaxtastigi 10 ára bandarískra ríkisskuldabréfa milli '42 og '51. Seðlabanki Íslands getur gert hið sama: vilji hann að ávöxtunarkrafa langtíma ríkisskuldabréfa sé t.d. 2,5% getur hann framkvæmt það (þessi bréf bera um 4,9% vexti í dag). En þetta er ekki gert því Seðlabankinn er hræddur við að verðbólga í kjölfar of lágra vaxta fari úr böndunum þegar lánveitingar aukast. En það væri auðvelt að stjórna slíku með magntakmörkunum á heildarútlánamyndun bankakerfisins. Útlán lífeyrissjóða væru undanskilin þessum takmörkunum því ólíkt útlánastarfsemi banka eykst peningamagn í umferð ekki þegar lífeyrissjóðir veita lán. Hættan á verðbólgu er því lægri við slíkar lánveitingar en lánveitingar banka.

EF VERÐTRYGGING YRÐI AFNUMIN, TELUR ÞÚ AÐ ÞAÐ MYNDI LEIÐA TIL LÆKKUNAR VAXTA?

Hiklaust, einmitt vegna þess að fólk í dag ræður almennt ekki við greiðslubyrðina á óverðtryggðu láni – sem er einmitt ástæðan fyrir vinsældum verðtryggðra lána, þau veita lántökum skammtímagetu til þess að geta tekið hærri lán og spennt bogann enn meira en óverðtryggð lántaka. Þegar lán væru almennt óverðtryggð myndi útlitið vera almennt að hægja ætti á hagkerfinu, því færri geta tekið lán. Eftirspurn minnkar og verðbólguþrýstingur með. Þegar verðbólguþrýstingur minnkar bregst Seðlabankinn við slíku með lækkun vaxta. Lækkun vaxta mun halda áfram þar til lántakar geta aftur almennt ráðið við að taka lán nema þá eru lánin vitanlega óverðtryggð en ekki verðtryggð. Svo, já, það er augljóst að þrýstingur væri á að vextir myndu lækka að jafnaði væri verðtrygging á lánum til einstaklinga afnumin. ■



Er ekki örugglega

trúnaðarmaður

á þínum vinnustað?



SIGRÚN ÁSA ÞÓRÐARDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGAR Í HEILSUBORG



SNÆDÍS EVA SIGURÐARDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGAR Í HEILSUBORG



NOKKUR STREITURÁÐ FYRIR VETURINN

Nú er veturinn genginn í garð og rútína og hversdagsleiki orðinn fastur í sessi á flestum heimilum. Margir þekkja að það getur verið heilmikil áskorun að þúsla saman öllu því sem þarf að gera í dagsins önn. Boltarnir eru oft ansi margir, bæði í einkalífi og starfi og margir þurfa að hafa sig alla við til að halda öllu gangandi. Þegar álag verður of mikið, sérstaklega ef við upplifum að við erum farin að „ströggla“, getur það haft neikvæð áhrif á heilsu okkar, andlega sem og líkamlega. Við förum að finna fyrir streitu.

HVAÐ ER STREITA?

Þegar við tölum um streitu þá erum við í raun að vísa í streituvíðbragðið sjálf (sem er lífeðlisfræðilegt varnarviðbragð líkamans), streituvaldana sjálfa (ytri og innri), sem og streitutengda vanheilsu. Það er mikilvægt að hafa í huga að streita er í eðli sínu jákvæð. Ef tímabundið stress fær að koma og svo líða hjá og við gefum okkur tækifæri til að jafna okkur á eftir, getur það mögulega bætt frammistöðu okkar. Það skerpir athygli þá stundina og gerir okkur kleift að takast á við álag og uppákomur af ýmsum toga. Til dæmis getur það aukið viðbragðsflýti og gert okkur kleift að vinna hraðar og af meiri einbeitingu sem er vissulega mjög hjálplegt.

FORÐIST LANGVARANDI ÁLAG

Ef álagið er hins vegar langvarandi og möguleikar til þess að endurheimta orku litlir, getur yfirálag og langvinn streita haft skaðleg áhrif á heilsu okkar, andlega sem og líkamlega. Tilfinningar sem maður upplifir sem neikvæðar eru ekki hættulegar í sjálfu sér, þær gætu þó orðið það ef brugðist er við með því að t.d. vinna meira, hraðar og af meiri ákafa, sleppa matarhléum og kaffipásam, draga úr hvíld, sleppa hreyfingu, líkamsrækt og áhugamálum.

Ef maður festist í slíku mynstri mun langvarandi álag smám saman slæva ónæmiskerfið og veikja varnir líkamans. Því er mikilvægt að vera vel vakandi fyrir álagspáttum og þekkja eigin streitueinkenni. Ekki er síður mikilvægt að hlúa vel að sér og fylla á orkubirgðirnar til móts við það sem tapast á álagstímum.

EINKENNI LANGVARANDI STREITU GETA VERIÐ MARGVÍSLEG

Einkenni langvarandi streitu geta birst bæði í líkamlegum og andlegum einkennum, hugsunum og hegðun. Líkamleg einkenni geta verið höfuðverkir, vöðvabólga, orkuleysi, hækkaður blóðþrýstingur, stoðkerfisvandí og verkir, svimi eða óáttun, svefnvandamál, minnkuð kynhvöt, meltingarvandamál, sem og hjarta- og æðavandamál. Tilfinningalífið getur einkennt af kvíða, depurð, ótta, sektarkennd, pirringi, reiði og óánægju. Ef streitustig er mjög hátt og langvarandi aukast líkur á ofsakvíðaköstum.

Streitutengd hegðun getur lýst sér þannig að fólk er stöðugt að flýta sér (þó ekkert liggja á), leitast við að gera margt í einu, sleppa pásam eða hættir að gera ánægjulega hluti vegna þreytu eða tímaskorts. Sumir pirrast auðveldlega og skeyta skapi sínu á umhverfinu. Eirðarleysi, slæmir ávan-

ar, óheppilegar neysluvenjur, auknar reykingar og áfengisneysla: eru allt dæmigerð viðbrögð þegar sjálfstýringin fer á. Dæmi um hugræna þætti er að hafa margar (óskýrar) hugsanir samtímis, hrakspár og/eða ósveigjanleiki í hugsunum, hugsanir um eigin vangetu, áhyggjur, áhugaleysi, heilapoka, rörsýn. Við langt genginn streituvanda hrakar athygli og einbeitingu og geta heilans til að hugsa, gera áætlanir og muna hluti skerðist.

AÐ VINNA GEGN STREITU

Hér að neðan eru nefnd ráð sem ágætt er að taka mið af nú í vetrarbyrjun - ráð sem geta dregið úr líkum á því að streitan taki öll völd og skerði heilsu okkar og lífsgæði.

1. VAKNAÐU TIL VITUNDAR UM SJÁLFAN ÞIG

Mikilvægt er að þekkja sjálfan sig, vera vakandi yfir því sem veldur manni streitu og þekkja streitueinkennin. Þannig verðum við betur undirbúin og líklegri til að bregðast við erfiðum aðstæðum okkur í hag. Kortlagning streituvalda og einkenna er mjög mikilvæg.

2. GERÐU ÁÆTLUN

Það getur verið gagnlegt að hafa góða yfirsýn yfir vikuna eða jafnvel mánuðinn. Settu inn í stundatöflu eða dagbók allt sem þú veist að er framundan hjá þér eins og fundir, afmælisboð, læknisheimsóknir, próf eða skilafrestir ef það á við. Margir upplifa til dæmis heilmikla streitu í tengslum við matarinnkaup og því gæti verið gott að vera búinn að útbúa matseðil fyrir vikuna, að minnsta kosti fyrir virku dagana.

3. EINFALDAÐU LÍFIÐ EINS OG ÞÚ GETUR

Við erum svo dugleg að flækja lífið að óþörfu og oftast er það vegna þess að við erum illa skipulögð og skortir yfirsýn. Hvar getur þú einfaldað líf þitt? Með því að losna við litlu flækjurnar eigum við meiri orku á tankinum fyrir stærri álagvalda.

4. SETTU TÓNINN FYRIR DAGINN

Margir kannast við það að vera á síðustu stundu með allt og vita að það getur verið mjög óþægilegt. Það gæti verið hjálplegt að vakna örlítið fyrr á morgnana og gefa sér þannig aðeins rýmri tíma í morgunverkin og jafnvel að njóta þeirra, frekar en að hlaupa úr einu í annað og fara út um dyrnar með öndina í hálsinum af því að enn einn daginn erum við á síðustu stundu.

5. FORGANGSRÁÐAÐU OG GERÐU RAUNHÆFAR KRÖFUR

Þegar álag á okkur er mikið er mikilvægt að forgangsráða. Sumt skiptir meira máli en annað. Það getur vel verið að um tímabundið ástand sé að ræða og þá er gott að minna sig á það. Víð þurfum að horfast í augu við að ekki er raunhæft að gera þær kröfur til okkur að sinna öllu jafnvel þegar það eru álagstímabil. Veltu fyrir þér hvað má biðja akkúrat núna. Má þvottahrúgan biða eða á göngutúrin að biða? Hver og einn þarf að svara því fyrir sig.

6. HLÚÐU AÐ ÞÉR OG VERTU Í NÚINU

Það er mjög mikilvægt að hlúa að sjálfum sér og tíminn sem fer í það þarf ekki að vera langur. Vissulega væri kostur ef við gætum passað vel uppá mataræðið og svefninn, hreyft okkur reglulega og gert ánægjulega hluti en stundum er það bara dálítið flókið. Margir kannast við að byrja haustið með háleit markmið um að taka einmitt á öllum þessum grunnþáttum heilsunnar. Vissulega er mikilvægt að setja sér markmið en þau verða að vera raunhæf svo maður upplifi ekki að manni hafi mistekist. Ef ég kemst ekki líkamsræktina í dag sökum álags eða anna, þá gæti ég mögulega gert eitthvað annað í staðinn eins og fara í stuttan göngutúr eða gengið stígana í stað þess að taka lyftuna. Allt telur þetta og bara það að gefa sér 5 mínútur hér og þar í dagsins önn skiptir máli.

Leyfðu þér að njóta kaffibollans, vera örlítið lengur í sturtunni, staldra við og horfa uppí himininn og bara vera og skynja í augnablik, vera heils hugar til staðar í samtali. Þetta þarf ekki að taka mikinn tíma frá þér en getur skipt sköpum. Notaðu nokkrar mínútur hér og þar til að stinga þér í samband og hlaða orkutankinn.

7. INNRI RÖDDIN

Allar líkur eru á að þú sért að gera þitt allra besta - minntu þig stöðugt á það. Þegar streitukerfi líkamans virkjust hefur það iðulega áhrif á hugsanir okkar með neikvæðum hætti sem aftur virkjar streitukerfið þannig að vítahringur skapast. Þá verðum við líklegri til að fara að beita okkur hörku og tala okkur niður. „Af hverju þarf ég alltaf að vera svona sein/seinn?“ „Ég er alveg ómöguleg/ur,“ og svo framvegis. Hugsanir sem þessar eru ekki hjálplegar og því er mikilvægt að vakna til vitundar um þessa innri rödd okkar. Sýndu sjálfum þér skilning og umburðarlyndi í stað þess að brjóta þig niður. [vs](#)





ÞARFTU AÐSTOÐ VIÐ SKATTFRAMTALIÐ?

Undanfarin ár hefur VR boðið upp á ókeypis aðstoð við gerð skattframtala í samstarfi við Guðrúnu Björgu Bragadóttur hjá KPMG. Guðrún Björg hefur unnið hjá KPMG frá árinu 2008 en áður starfaði hún sem skattstjóri Vestfjarðaumdæmis og hjá dönskum skattayfirvöldum. Guðrún Björg verður með hádegisfyrirlestur 8. mars 2018 hjá VR þar sem hún fer yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga við gerð skattframtals einstaklinga. Í framhaldinu verður félagsmönnum boðið upp á að nýta sér skattframtalsaðstoð hennar, en þanta þarf sérstakan tíma í það í atburðadagatali VR á vefnum, www.vr.is.

HVAÐ BER AÐ HAFI Í HUGA VIÐ SKATTFRAMTALSGERÐ?

Að fara vel yfir að allar tekjur og eignir séu rétt taldar fram. Þá er mikilvægt að huga að hvort og þá hvaða frádrættir/ívilnanir eru í boði.

HVAÐ ER ÞAÐ HELSTA SEM FÓLK ÞARF AÐSTOÐ VIÐ?

Fólk þarf einna helst aðstoð ef það hefur verið með verktakagreiðslur, er að kaupa eða selja húsnæði eða kaupa og selja hlutabréf. Þá hafa þeir sem eru með erlendar tekjur líka leitað eftir aðstoð. Þjónustuvefur RSK er til fyrirmyndar og mjög margt af framtalsskyldum tekjum og eignum er forskráð á skattframtölin. En af því að framtalsgerðin er orðin tiltölulega auðveld og flestar upplýsingar forskráðar, finnst mér eins og fólk verði óöruggt um hvernig telja beri fram þær eignir og tekjur sem ekki eru forskráðar.


HVERJIR ÆTTU AÐ NÝTA SÉR KYNNINGARFUNDINN?

Allir sem eru óöruggir um eða hafa spurningar um framtalsgerðina.

HVAÐA GÖGN ÞARF AÐ KOMA MEÐ Í AÐSTOÐINI?

Það þarf að koma með veflykil eða rafræn skilríki til að geta skráð sig inn á þjónustuvef RSK. Ef fólk er með verktakagreiðslur er gott að hafa þær upplýsingar með þar sem ekki er öruggt að verktakamiðum hafi verið skilað af verkkaupa. Þá þarf að hafa með yfirlit yfir kostnað á móti verktakagreiðslum ef einhver er. Ef viðkomandi er með leigutekjur þarf að vera með fjárhæð leigutekna og kennitölu leigjanda.

NÚ HEFUR ÞÚ BOÐIÐ FÉLAGSMÖNNUM VR UPP Á ÞESSA ÞJÓNUSTU Í NOKKUR ÁR, ER FÓLK ÁNÆGT MEÐ HANA?

Félagsmenn VR hafa tekið mjög vel í þjónustuna og mér heyrst allir sem hafa leitað til okkar verið ánægðir með aðstoðina. Fólk veigr sér oft við að hafa samband við RSK með spurningar sem það er með og þá er gott að geta leitað til okkar. Aðsóknin hefur verið mjög góð og ég vil hvetja félagsmenn VR til að notfæra sér þjónustuna. 

ÁHUGAVERÐIR HÁDEGISFYRIRLESTRAR Í BOÐI FYRIR FÉLAGSMENN

VR býður fullgildum félagsmönnum upp á skemmtilega og fróðlega hádegisfyrirlestra. Allir fyrirlestrarir eru haldnir í sal VR á 0-hæð í Húsi verslunarinnar kl. 12.00-13.00. Í boði eru léttar veitingar. Hægt er að skrá sig á fyrirlestrana á vefsíðu VR, www.vr.is, eða með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700. Félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins geta skráð sig með því að senda tölvupóst á vr@vr.is og fá senda slóð á streymi.



18. JANÚAR 2018 KL. 12.00-13.00

BETRI SVEFN – GRUNNSTOÐ HEILSU

Fyrirlesari: Erla Björnsdóttir
Sálfræðingur og sérfræðingur í svefnrannsóknnum

Dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur og sérfræðingur í svefnrannsóknnum mun halda erindi um mikilvægi svefns fyrir andlega og líkamlega heilsu, fara yfir helstu vandamálin tengd svefni og gefa góð ráð fyrir betri nætursvefni.



08. FEBRÚAR 2018 KL. 12.00-13.00

ER KULNUN Í STARFI ALVARA EÐA ÍMYNDUN?

Fyrirlesari: Ásta Snorradóttir
Lektor í starfsendurhæfingu

Hvað fer úrskaiðis þegar okkur fer að líða illa í vinnunni? Er raunverulega til í dæminu að starfið verði svo hlaðið streituvöldum að starfsfólk hreinlega brenni út? Í fyrirlestrinum verður fjallað um kulnun í starfi, hvað einkennir það ástand, hvernig er hægt að vinna sig út úr slíku ástandi og ekki síst - hvernig má forðast það að brenna út í starfi.



08. MARS 2018 KL. 12.00-13.00

FRÆÐSLUFUNDUR UM SKATTSKIL EINSTAKLINGA

Fyrirlesari: Guðrún Björg Bragadóttir
Sérfræðingur frá KPMG

Á fræðslufundinum verður farið yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga við gerð skattframtals einstaklinga. Fjallað verður um nýjungar í framtalinu, helstu frádráttarliði og fleira sem getur komið sér vel. Í framhaldinu verður félagsmönnum VR boðið uppá að nýta sér einstaklingsaðstoð Guðrúnar við skattframtalið. Aðstoðin mun vera í boði dagana 8.-9. mars á milli 13.00 og 16.00. Hver tími verður 15 mínútur. Skráning á einstaklingsaðstoð fer fram á www.vr.is



22. MARS 2018 KL. 12.00-13.00

JÁKVÆÐ SAMSKIPTI Á VINNUSTÖÐUM

Fyrirlesari: Pálmar Ragnarsson
Fyrirlesari og körfuboltaþjálfari með bs. gráðu í sálfræði

Í fyrirlestrinum mun Pálmar fjalla um jákvæð samskipti á vinnustöðum og það hvernig við getum haft góð áhrif á hvort annað. Farið er á skemmtilegan hátt yfir atriði eins og hrós og hvatningu, mikilvægi þess að allir upplifi sem þeir skipti máli á vinnustað, hvernig hægt er að taka á móti samstarfsfélögum og nýju starfsfólki.



HVERT ER HLUTVERK KVENNAATHVARFSINS?

Kvennaathvarfið er neyðarathvarf, eða tímabundið heimili, fyrir konur og börn þeirra sem ekki geta búið heima hjá sér vegna ofbeldis. Það er líka neyðarathvarf fyrir kvenkyns þolendur mansals. Jafnframt er Kvennaathvarfið miðstöð stuðnings og ráðgjafar fyrir konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi, og aðstandendur þeirra. Á hverju ári búa rúmlega 200 konur og börn í athvarfinu um lengri eða skemmri tíma og um það bil 300 konur koma í viðtöl án þess að til dvalar komi.

HVERSU MARGIR STARFA HJÁ KVENNAATHVARFINU?

Í Kvennaathvarfinu starfa 13 konur í um það bil 10 stöðugildum. Það eru framkvæmdastýra, vaktstýra, sex ráðgjafar, félagsráðgjafi, lögfræðingur, fjármálastýra og verkefnisstýra. Nokkur fjöldi sjálfboðaliða starfar líka í tengslum við athvarfið.

HVERNIG ER LÍFIÐ Í KVENNAATHVARFINU?

Lífið í athvarfinu er mjög mismunandi frá degi til dags. Á þessu ári hafa að meðaltali dvalið 23 íbúar, 13 konur og 10 börn, í athvarfinu á hverjum degi en mest hefur íbúafjöldi á árinu farið upp í 35 manns. Íbúar athvarfsins halda áfram sínu daglega lífi að því leyti sem mögulegt er og sækja til dæmis vinnu eða skóla ef aðstæður leyfa. Reynt er að skapa heimilislegt andrúmsloft í húsinu þó heimilið sé óhefðbundið, lífið þar ber þess merki að þar býr fólk frá öllum heimshornum og þar er oft glatt á hjalla þó annað mætti ætla.

HVERNIG GANGA JÓLIN FYRIR SIG HJÁ YKKUR?

Lögð er áhersla á að jólin séu „jólaleg“ í athvarfinu. Þar dvelur alltaf nokkur hópur fólks yfir jólin og er reynt að sjá til þess að allir hafi það sem best. Margir hugsa hlýlega til íbúa hússins, ekki síst barnanna, í kringum jólin og allir fá eitthvað til að gleðjast yfir. Reynt er að taka mið af mismunandi matarhefðum og eru því oft margir réttir á jóllaborðinu.

ERU TIL TÖLUR UM HVERSU MARGIR HAFI LEITAD AÐ JAFNAÐI TIL KVENNAATHVARFSINS YFIR HÁTÍÐARNAR UNDAFARIN ÁR?

Undanfarin ár hafa á bilinu 10 til 20 íbúar dvalið í athvarfinu yfir jólin.

HVER VORU VIÐBRÖGÐ YKKAR ÞEGAR VR HAFDI SAMBAND VEGNA JÓLALÉIKSINS?

Mikil gleði og þakklæti því hann felur í sér tvennt sem okkur er afar mikilvægt. Annars vegar fögnum við öllu sem getur bætt líf og aðstæður fólksins „okkar“ og hins vegar er okkur dýrmætt að vita að þarna úti er fólk sem hugsar hlýlega til athvarfsins og íbúa þess. Konur og börn sem hafa þurft að flýja heimili sín vegna ofbeldis er ekki hávær hópur og það er gott til þess að vita að fólk man eftir honum og vill gera honum gott. 📧



GEFUR ÞÚ AF ÞÉR UM JÓLIN?

Margar dvalarkonur í Kvennaathvarfinu og ekki síst börn þeirra eiga erfitt yfir hátíðarnar. Sigþrúður Guðmundsdóttir er framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins og lék okkur forvitni á að vita meira um lífið hjá þeim. Bláðamaður VR blaðsins hittir á Sigþrúði sem fræddi okkur um starfsemi Kvennaathvarfsins.

VILTU STYRKJA KVENNAATHVARFIÐ UM HÁLFA MILLJÓN?

Sendu okkur (í Facebook spjalli) jólamynd, hún má vera falleg, fyndin, uppáhalds jóladótið, fjölskyldumynd eða hvað sem er, og segðu okkur söguna á bakvið hana. Við söfnum myndunum saman og birtum á Facebook síðu VR. Í lok leiksins velur dómnefnd sigurvegara þar sem undirtektir og viðbrögð á Facebook hafa mest vægi. Við gefum hálfa milljón til Kvennaathvarfsins í nafni sigurvegarans, sanna gjöf sem gefur. Verður það þitt nafn? Hjálpaðu okkur að vekja athygli á málstað Kvennaathvarfsins með því að deila þessum leik og skora á vini þína og fjölskyldu að taka þátt!

Þú getur einnig styrkt Kvennaathvarfið beint með því að fara á vefsíðu athvarfsins, www.kvennaathvarf.is en jafnframt má senda tölvupóst á netfangið sighrudur@kvennaathvarf.is eða í hringja í síma 561 1205.

Þetta var mjög góð hugmynd og var auðvitað alveg frábært þar sem þetta var mikil lyftistöng fyrir bæjarfélagið.



Erna Eyjólfsdóttir, Málfríður Porkelsdóttir, Júnía Porkelsdóttir, Viktor Elvar Viktorsson, Inga Hanna Ingólfssdóttir og Sigrún Svava Gísladóttir. Myndin er tekin á Byggðasafninu í Görðum Akranesi.

VR Á AKRANESI

Skrifstofa VR á Akranesi er til húsa að Kirkjubraut 40 en þar er þjónustuver VR starfrækt. Auk þjónustuversins sér skrifstofan um símsvörun fyrir kjaramálasvið VR og þá hefur einnig tölvunarfræðingur, einn af forriturum VR aðstöðu á skrifstofunni. Blaðamaður VR blaðsins heimsótti nokkra félagsmenn á svæðinu á vinnustaði þeirra og spjallaði við systurnar Málfríði og Júníu Porkelsdætur en þær starfa báðar á skrifstofu VR á Akranesi.

SKRIFSTOFAN

Skrifstofa VR á Akranesi er til húsa við Kirkjubraut 40
Skrifstofan er opin kl. 8.30-16.30, nema á föstudögum til 15.00
Starfsmenn: Erna Eyjólfsdóttir, þjónustuver
Inga Hanna Ingólfssdóttir, þjónustuver
Júnía Porkelsdóttir, þjónustuver og kjaramálasvið
Málfríður Porkelsdóttir, skrifstofustjóri og kjaramálasvið
Sigrún Svava Gísladóttir, þjónustuver og sjúkrasjóður
Viktor Elvar Viktorsson, tölvunarfræðingur
Sími: 510 1700 • Tölvupóstur: vr@vr.is • www.vr.is



Málfríður Porkelsdóttir og Júnía Porkelsdóttir. Myndin er tekin á Byggðasafninu í Görðum Akranesi.

ÞJÓNUSTUVER VR Á AKRANESI

Systurnar Málfríður og Júnía Porkelsdætur starfa á skrifstofu VR á Akranesi og hafa gert frá því Verslunarmannafélag Akraness sameinaðist VR árið 2002. Málfríður, Fríða, er skrifstofustjóri en Júnía var lengi formaður Verslunarmannafélags Akraness en báðar unnu þær hjá VA fyrir sameininguna.

VERSLUNARMANNAFÉLAG AKRANESS VAR FYRSTA FÉLAGIÐ TIL AÐ SAMEINAST VR. HVERNIG GEKK SAMEININGIN?


Júnía: VA var öflugt félag með góða fjárhagsstöðu, en með tillögu minni á sínum tíma um sameiningu vonaði ég að félagsmenn okkar fengju öflugra félag og jafnvel hærri laun þar sem launamunur var talsverður. Sameiningin gekk mjög vel en ákveðið var að byrja á tveggja ára reynslutíma og varð formleg sameining félaganna árið 2004. Það voru allflestir hlyntir sameiningu og af þeim sem greiddu atkvæði var aðeins einn á móti en félagið taldi um 230 félagsmenn. Í svona litlu félagi var oft erfitt að fá fólk í vinnuferðir og vildi því vinnan lenda á fáum einstaklingum. Ef fólk gaf kost á sér í stjórn fyrir félagið, leiddi það til þess að það festist þar. Ég var t.d. formaður frá árinu 1991 og gegndi stöðunni til ársins 2002. Þetta er ekki gott, það þarf að vera endurnýjun til að hugmyndir verði fleiri.

Sameiningin var líka nauðsynleg vegna þess að atvinnusvæðið okkar var farið að skarast. Margir voru að vinna í Reykjavík en áttu heima upp á Skaga eða öfugt. Og svo kom járnblendid og álverið og þá kom fólk frá báðum svæðum. Við settum það sem skilyrði fyrir sameiningu að hér yrði áfram rekin skrifstofa á Akranesi. VR á Akranesi gekk beint inn í VR og er ekki deild

í VR eins og önnur félög sem hafa komið inn. Akurnesingum hefur fjölgað mikið á þessum tíma sem liðinn er. Í dag höfum við aðgang að skrifstofu allan daginn og öflugri félagi sem hugsar vel um félaga sína. Ef lítið er til baka er ég viss um að þetta hafi verið gæfuspor fyrir félagsmenn okkar.

Fríða: Þá vorum við svo heppin að þáverandi formaður fékk þá hugmynd að þjónustuver VR yrði starfrækt hér á Akranesi. Þar sem tæknin var orðin það góð þótti ekkert því til fyrirstöðu. Þetta var mjög góð hugmynd og var auðvitað alveg frábært þar sem þetta var mikil lyftistöng fyrir bæjarfélagið. Ekki síst að það myndi tryggja að hér yrði skrifstofa, sem var hluti af samkomulaginu. Hingað komu fimm stöðugildi og svo bættist við tölvunarfræðingur á skrifstofuna, sem er einn af forriturum VR. Öll aðstaðan hér á skrifstofunni er til fyrirmyndar, þetta er flottur vinnustaður og hér liður okkur vel. Auk okkar vinna í þjónustuverinu Erna Eyjólfsdóttir, Inga Hanna Ingólfssdóttir og Sigrún Svava Gísladóttir en Sigrún Svava hefur starfað hér frá sameiningu eins og við systur og áttum við 15 ára starfsafmæli á dögnum.

HVERNIG HEFUR ÞJÓNUSTAN VIÐ FÉLAGSMENN Á SVÆÐINU BREYST EFTIR SAMEININGU?

Fríða: Þjónustan breyttist náttúrulega til batnaðar og varð sterkari fyrir félagsmenn hér á svæðinu. Helstu verkefni skrifstofunnar eru fyrst og fremst að sinna verkefnum þjónustuvæðs VR en þrjár sinna því auk þess sem tvær okkar svara líka símtölum fyrir kjaramálasviðið. Svo förum við systur einu sinni í viku til Reykjavíkur á fundi kjaramálasviðs sem eru gríðarlega mikilvægir. Starfsemin er öll miklu öflugri og sérstaklega þessir félagslegu þættir, að fólk geti sótt hingað þjónustu í stað þess að þurfa að keyra í bæinn, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir þá sem hafa lent í veikindum til dæmis. Svo eru það auðvitað kjarasamningarnir og öll þessi þekking sem svo stórt og öflugt félag býr yfir. 

FÉLAGSMENN VR Á AKRANESI



Guðni Steinar Helgason

Aldur: 44 ára

Starf: Bílstjóri og almenn verslunarstörf

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Ég hef verið félagsmaður í 28 ár.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég hef leigt orlofshús og fengið styrk fyrir líkamsrækt.



Hrefna Guðjónsdóttir

Aldur: 55 ára

Starf: Vinn í Versluninni Bjarg á Akranesi

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Ég er búin að vera nánast samfleytt félagsmaður síðan 1978, fyrst í VA og síðan eftir sameiningu félaganna í VR.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já ég hef nýtt mér þjónustu VR. Ég hef leigt orlofshús og fengið styrki til að fara á námskeið og í nám í Verslunarstjórnun árin 2003 -2005.



Ragnar Fjalar Prastarson

Aldur: 40 ára

Starf: Sölustjóri hjá Omnis verslun, Akranesi

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Hef verið félagsmaður VR síðan 1993.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég hef nýtt mér góða þjónustu VR, m.a. í formi orlofshúsa og íbúða, afsláttarkjara, náms- og námskeiðastyrkja og gleraugnakaupa.



Lára Ottesen

Aldur: 55 ára

Starf: Iðgjaldaskráning og almenn afgreiðsla hjá Festu lífeyrissjóði Akranesi

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Ég hef verið félagsmaður VR síðan 2004.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég hef hef nýtt varasjóðinn í líkamsrækt.



VALGEIR B. MAGNÚSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI SÍMEY



ANÍTA JÓNSDÓTTIR
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI SÍMEY



FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN – ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

Sí- og endurmenntun og gildi náms- og starfsráðgjafar fyrir atvinnulíf 21. aldarinnar.

Innan Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, er að finna 11 miðstöðvar sem starfa eftir lögum um framhaldsfræðslu og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar. Mikilvægasti markhópur símenntunarmiðstöðvanna er full-orðið fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla. Á Íslandi er um það bil þriðjungur þeirra sem eru á vinnumarkaði án lokaprófs úr framhaldsskóla, þetta er þó misjafnt eftir búsetuvæðum. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur en hefur alla jafna mikla reynslu úr atvinnulífinu og býr yfir mikilvægri þekkingu og hæfni sem meðal annars er hægt að meta á mótí í raunfærnimati.

En þrátt fyrir mikla þekkingu og starfstengda færni, þá er starfsumhverfi margra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina að breytast hratt og breytingar hin síðustu ár hafa verið hraðari en á nokkru öðru tímasteiði, talað er um fjórðu iðnbyltinguna. Hagvöxtur eykst hratt með aukinni tækni við framleiðslu og áhrif nýsköpunar eru mikil á samfélagið. Veldisvaxtar gættir

breytingum innan tæknigeirans. Þessar breytingar eru mjög örur og því er mikilvægt að veita góðan stuðning við fólk á vinnumarkaði 21. aldarinnar. Margir upplifa auknar kröfur og stöðugar breytingar í daglegum störfum, ný tækni lítur dagsins ljós nánast daglega, uppfærslur og nýjungar í upplýsinga- og snjalltækni, breytingar í samgöngutækni og hvers kyns aðrar breytingar. Margir finna þetta innan síns starfsvettvangs, störfum fækkar og aukinnar hagræðingar gættir víða. Aukin krafa er um aðra færni í starfi, meðal annars sköpunargáfu og tæknikunnáttu. Þessara breytinga gættir nú þegar innan ákveðinna starfsgreina með skýrum hætti.

Þetta er raunveruleikinn á vinnumarkaðnum, tækifærin eru víða en vandamál munu skapast ef þróuninni er ekki fylgt vel eftir, meðal annars með sí- og endurmenntun og öflugri náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði. Náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði er afar mikilvæg og náms- og starfsráðgjafi getur gegnt lykilhlutverki í að styðja við starfsmenn og efla þá í að taka ábyrgð á eigin starfsþróun og sí- og endurmenntun, sem er eitt

af því allra mikilvægasta á vinnumarkaði fjórðu iðnbyltingarinnar. Náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði felst meðal annars í því að veita ráðgjöf varðandi markmiðasetningu einstaklings, að hvetja starfsmenn til að meta hæfni sína og reynslu og tengja hana við nýja möguleika – endurmenntun, þjálfun og starfsþróun. Öflug náms- og starfsráðgjöf er einnig liður í því að auka starfsánægju, samstöðu starfsmanna og verðmætasköpun innan fyrirtækja og stofnana.

Eitt af hlutverkum símenntunarmiðstöðva er að veita markhópi sínum náms- og starfsráðgjöf og hefur það verkefni verið í gangi í tengslum við samning miðstöðvanna við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í um 10 ár. Hluti markhópsins hefur nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna, tekið skref varðandi námsþátttöku innan formlega eða óformlega kerfisins, nýtt sér raunfærnimat og ekki síst byggt upp sjálfstraust og sjálfsskilning til að takast á við nýjar áskoranir. Símenntunarmiðstöðvar vinna einnig með stofnunum og fyrirtækjum í skipulagningu fræðslumála innan vinnustaðarins, að þarfagreiningu og skipulagningu fræðsluáætla. Því má ljóst vera að vægi náms- og starfsráðgjafar fyrir atvinnulíf og fólk á vinnumarkaði er mjög mikið. Náms- og starfsráðgjöf þarf að efla enn frekar og beina markvisst inn í atvinnulíf með áherslu á markhóp framhaldsfræðslunnar.

Hlutverk símenntunarmiðstöðva í samstarfi við fólk á vinnumarkaði og atvinnulíf í tengslum við þær hröðu breytingar sem eiga sér stað, hefur sjaldan verið mikilvægara. Innan miðstöðvanna starfa um 100 manns í fjölbreyttum störfum í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, verkefnastjórnun á fjölbreyttu sviði, í námi fyrir fullorðna, innan atvinnulífs, fræðslugreiningar, þróunarstarfs, fjölmennningar, ráðgjafar og annarrar hæfniuppbyggingar. Í stefnumörkun stjórnvalda, Ísland 2020, er sett fram það markmið að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun fari í 10% árið 2020. Þetta markmið er í samræmi við sameiginlegt markmið ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins sem sett var í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2008.

Umræddar breytingar hafa komið hratt inn í samfélagið á síðustu árum, hraðar en nokkurn grunaði. Hér er því áframhaldandi verk að vinna og einstakt tækifæri til að leiða saman atvinnulíf, markhópa sem þurfa stuðning í umræddum breytingum og innan skólakerfisins, til þess að efla samfélag, atvinnulíf og einstaklinga. ■

Margir upplifa auknar kröfur og stöðugar breytingar í daglegum störfum, ný tækni lítur dagsins ljós nánast daglega, uppfærslur og nýjungar í upplýsinga- og snjalltækni, breytingar í samgöngutækni og hvers kyns aðrar breytingar.

HÆKKUN Á STARFSMENNTASTYRKJUM Í STARFSMENNTASJÓÐI VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS UM NÆSTU ÁRAMÓT

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks hefur samþykkt hækkun á styrkjum til félagsmanna sem tekur gildi um næstkomandi áramót 2017/2018.

Veittur er hámarksstyrkur allt að 130.000 kr. á ári.

- 90% af námi/starfstengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnugjaldi – hámark 130.000 kr.
- 50% af tómstund – hámark 30.000 kr. (dregst frá hámarksstyrk).
- 50% af ferðastyrk vegna náms – hámark 40.000 kr. (dregst frá hámarksstyrk).

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að félagsmaður greiði námsgjöld/námskeiðsgjöld/ráðstefnugjöld.

Uppsöfnun einstaklinga til þriggja ára verður því 390.000 kr. fyrir einu samfelldu námi.

Veittir fyrirtækjastyrkir munu að auki hækka í samræmi við styrki til einstaklinga um næstu áramót.

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is



MIKILVÆGT AÐ ALLIR NÝTI MÖGULEIKA TIL STARFSÞRÓUNAR

Teitur Lárusson er formaður Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og hefur gegnt þeirri stöðu í um þrjú ár. Teitur starfar einnig sem sérfræðingur á kjaramálasviði VR og er þar öllum hnúttum kunnugur, hafandi starfað sjálfur að starfsmannamálum í um 50 ár, bæði sem starfsmannastjóri fyrirtækja og atvinnumiðlari. Hann segir mikinn ávinning felast í því að starfsfólki sé gert kleift að sækja sér menntun. Fjóla Helgadóttir settist niður með Teiti og spurði hann út í starfsmenntamál, helstu viðfangsefni kjaramálasviðs og málefni eldri félagsmanna VR.

HVERS VEGNA ER ENDURMENNTUN MIKILVÆG?

„Þróun starfsmenntamála seinustu ár hefur verið mjög hröð í takt við þarfir atvinnulífsins og samkeppni milli einstaklinga um að geta sinnt þeim kröfum sem nútímahæfni og þekking gera kröfu um. Í hörðum heimi mikillar samkeppni og hraðri þróun stafrænna möguleika þarf einstaklingurinn sífellt að læra og tileinka sér það nýjasta hverju sinni. Sá sem ekki sinnir endurmenntun á þekkingu sinni mun á endanum eiga minni möguleika á starfsframa og nýjum áskorunum. Þess vegna eiga allir að nýta sér þá möguleika sem bjóðast á markaðnum til að auka hæfni sína til þess að geta sinnt starfi sínu betur og þeim möguleikum sem bjóðast í framtíðinni.“ Teitur segir starfsfólk Starfsmenntasjóðsins óþreypandi við að hvetja sína sjóðsfélaga til að nýta sér alla þá möguleika til endurmenntunar sem völ er á. „Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóður verslunarinnar hafa undanfarin ár miðlað töluvert miklum fjármunum til sjóðsfélaganna sinna og hvatt þá til að nýta sér alla möguleika til endurmenntunar. Stjórnir sjóðanna og frábærir starfsmenn þeirra leggja sig alla fram um að hvetja sjóðfélaga til að hafa frumkvæði að þróun endurmenntunar sinnar.“

HVERJU ÞARF FÓLK AÐ HUGA AÐ Í SINNI STARFSÞRÓUN?

„Til þess að sérhver einstaklingur geti eða eigi möguleika á því að þróast í starfi þarf sá hinn sami að vera tilbúinn til þess að taka að sér ný viðfangsefni hvort sem það er að axla aukna ábyrgð eða standa frammi fyrir nýjum ógnunum og áskorunum í mikilli samkeppni á markaðnum. Þess vegna verður sá einstaklingur sem hefur metnað til þess að ná árangri í starfi og eiga möguleika á starfsframa að vera móttækilegur fyrir breytingum á viðhorfum sínum á hinum ýmsu málum. Sá aðili sem hefur metnað til að þróast í starfi þarf að leggja töluvert á sig til að ná þeim markmiðum. Það má líkja þessu við íþróttamann sem skarar fram úr, hann æfir meira en hinir.“

STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS HÉLT NÝVERIÐ STÓRA RÁÐSTEFNU UM HVAD ÞAÐ ER SEM SKILGREINIR GÓÐA ÞJÓNUSTU. HVERS VEGNA SKIPTIR GÓÐ ÞJÓNUSTA MÁLI?

„Þjónusta er drifkraftur allra góðra samskipta og möguleika til þess að ná árangri og góðum tengslum við næsta mann. Skiptir þar engu hvort við erum að tala um viðskiptavininn, samstarfsmenn eða yfirhöfuð alla þá sem maður umgengst. Þess vegna verða allir að gera sér grein fyrir því að við verðum að tileinka okkur hugsunina um að veita góða og fagmannlega þjónustu í samskiptum við aðra. Það gerist ekki að sjálfu sér, maður þarf að tileinka sér þannig samskipti við aðra að sá sem við hittum í starfi okkar og leikfinni að góð þjónusta byggist á virðingu og áhuga okkar á viðkomandi hverju sinni, þannig að upplifunin fari jafnvel fram úr væntingum hans.“

STARFSMENNTASJÓÐURINN HEFUR ÞRÓAÐ NÁM Á HÁSKÓLASTIGI ÆTLAÐ VERSLUNARFÓLKI, HVERNIG VERÐUR NÁMINU HÁTTAÐ?

„Stjórn starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks vinnur hörðum höndum þessa dagana að því að þróa og undirbúa nám á háskólastigi í samráði við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Um er að ræða diplómanám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun og er stefnt að því að námið hefjist strax í byrjun næsta árs. Námið, sem er 60 ECTS einingar, er kennt með vinnu og mun taka tvö ár í dreifnámi. Námið byggir að hluta til á áföngum sem þegar eru kenndir til BS gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík. Einnig er að hluta til um nýja áfanga að ræða, sérstaklega þróaða með sérþarfir verslunarinnar í huga og með þátttöku lykilyfirtækja í greininni. Á næsta ári mun sjóðurinn einnig halda áfram þróun starfsnáms fyrir starfsfólk í verslunum. Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks hefur mikinn metnað og frumkvæði að þróun náms fyrir félagsmenn sem starfa í verslunum þannig að á endanum sækist fólk eftir því að vinna í verslun.“

HVER ERU HELSTU VIÐGANGSEFNIN HJÁ KJARAMÁLASVIÐI VR Í DAG? HAFU MÁLIN SEM KOMA INN Á BORDI TIL YKKAR BREYST Í GEGNUM TÍÐINA?

„Viðfangsefni hafa breyst mikið nú í seinni tíð m.a. vegna mikillar þenslu á vinnumarkaði. Má þar fyrst nefna hina miklu aukningu á erlendu vinnuafli og öllum þeim vandamálum sem að þeim snúa, margir þeirra þekkja ekki rétt sinn og oftar en ekki nýta sumir vinnuveitendur sér þessa vankunnáttu

Til þess að sérhver einstaklingur geti eða eigi möguleika á því að þróast í starfi þarf sá hinn sami að vera tilbúinn til þess að taka að sér ný viðfangsefni hvort sem það er að axla aukna ábyrgð eða standa frammi fyrir nýjum ógnunum og áskorunum í mikilli samkeppni á markaðnum.

þeirra. Þau eru til dæmis látin vinna á svokölluðum jafnaðarlaunum sem eru ekki til í kjarasamningum VR og SA, þau vinna alla daga vikunnar, fá aldrei vikulegan frídag og svo mætti lengi telja. Nýjasta váin á vinnumarkaðnum er fjölgun svokallaðra starfsmannaleiga sem erfitt er að ná böndum yfir. Í sumum tilfellum er ekki um annað en mansal að ræða, greidd eru laun sem eru stundum undir lágmarkslaunum, vinnuveitandi leggur þeim til óviðunandi híbýli að búa í og ef einhver starfsmanna er með eitthvað múður hann er rekinn fyrirvaralaust og missir um leið það húsnæðið sem viðkomandi bjó í. Samskipti starfsmanna kjaramálasviðs við erlenda félagsmenn hafa stóruaust og eru í raun orðin mun meiri en áður þannig að starfsmenn sviðsins þurfa að tala erlend mál við nærri tvo af hverjum 10 sem leita eftir aðstoð og þjónustu á hverjum degi. Þá hefur vinnuumhverfið breyst nokkuð með tilkomu erlendra fyrirtækja sem hér hafa haslað sér völl hér undanfarin ár, þau eiga stundum erfitt með að skilja íslenska vinnulöggjöf og hver séu réttindi starfsmanna miðað við heimaland viðkomandi fyrirtækis.“

MÁLEFNI ELDRÍ FÉLAGSMANNA VR HAFU LENGI VERIÐ ÞÉR HUGLEIKIN, HVERNIG SÉRÐ ÞÚ FYRIR ÞÉR AÐ BÆTA MEGI HAG EFTIRLAUNAFÓLKS?

„Þegar rætt er um málefni eldri VR félaga er að mörgu að hyggja. Standa þarf vörð um lágmarkslaun eftirlaunafólks, tryggja rétt þeirra á lífeyri sínum hjá Lífeyrisjóðunum þannig að viðurkennt verði að Almannaþryggingar hins opinbera séu fyrsta stoð lífeyris. Eign sérhvers félaga í lífeyrisjóði viðkomandi þarf síðan að vera önnur stoð hans. Með þeirri útfærslu munu kjör þeirra sem komnir eru á eftirlaun verða til þess að fólk getur með reisn staðið í báða fætarna og notið þess að hafa lokið ævistarfi sínu og lifað mannsæmandi lífi. Annað sem þarf að afnema eru skerðingar á eftirlaunum þeirra sem vilja auka tekjur sínar á efri árum. Af öllum þeim tekjum sem þetta fólk aflar er greiddur fullur skattur til hins opinbera. Það þriðja sem þarf að breyta eru takmarkanir á því hvenær fólk velur að hætta vinna, margir vilja og geta unnið allt fram til 75 ára aldurs í stað þess að þurfa að leggja árar í bát 67 ára. Þegar fólk á vinnumarkaði verður 70 ára hættir vinnuveitandi að greiða móttframlag í lífeyrissjóð. Það á að tryggja þessu fólk möguleika á að fá þessar greiðslur allar saman greiddar inn á séreignareikning viðkomandi ellegar að viðkomandi hækki í launum sem því nemur. Hvern munar ekki um 10-11% kauphækkun?“ [v](#)



Ingvi Brynjar Sveinsson

Menntun: BSc viðskiptafræði frá HR

Starf: Verslunarstjóri hjá Útillífi

HVAÐ HEFUR ÞÚ UNNIÐ LENGI Í ÚTILÍFI?

Ég hef starfað hjá Útillífi í 7 mánuði.

FYRRI STÖRF

Ég hef unnið við margt og byrjaði að vinna þegar ég var í 10 ára að safna kerrum fyrir 10-11 og fékk þá greitt í nammi og var mjög sáttur. Þegar ég var svo í grunnskóla var ég með lítinn business í að selja harðfisk og rækjur á kvöldin þar sem sölumennska var mér auðveld, ég nýtti svo söluhæfileika mína hjá Rúmfatalagernum fram yfir menntaskóla. Ég var síðan í tæp 7 ár hjá Vodafone meðan ég var í námi og tók svo við sem verslunarstjóri í Skútvoginum á síðasta ári mínu í HR og var gerður að verslunarstjóra yfir allt höfuðborgarsvæðið.

HVERNIG ER AÐ VINNA Í VERSLUN?

Mér hefur alltaf fundist það frábært. Þetta er mikil teymisvinna og getur reynt á samskiptahæfni þar sem maður hittir ólíkt fólk á hverjum degi. En það er það sem gerir þetta svona skemmtilegt.

HVERNIG LÍST ÞÉR Á FAGHAGSKÓLANÁMIÐ SEM ER VERIÐ AÐ PRÓA MEÐ HR OG BIFRÖST FYRIR VERSLUNARSTJÓRA?

Mér líst mjög vel á námið og því er vel stillt upp. Þetta er frábært tækifæri fyrir starfsmenn til að afla sér meiri menntunar og einnig fyrir fyrirtækin sem þeir starfa hjá. Mér finnst helsti kosturinn við námið vera sá að

þú getur valið hvort þú sækir það í HR eða á Bifröst, gefur meiri möguleika. Einnig er námið metið upp í viðskiptafræði í báðum skólum sem er rosalega flott.

HVAÐA ÁRSTÍMI FINNST ÞÉR SKEMMTILEGASTUR Í VERSLUNARSTARFI?

Jólin hafa alltaf verið í uppáhaldi hjá mér þar sem það myndast svo mikil stemning í kringum þau og það er alltaf eitthvað um að vera.

FINNST ÞÉR MIKILVÆGT AÐ STARFSFÓLK VERSLANA AFLI SÉR MENNTUNAR?

Já því menntun er máttur og það skiptir ekki máli hvort þú ert söluaður á gólfi eða stjórnandi, símenntun er alltaf góð. Ef við höldum ekki áfram að mennta okkur þá drögumst við aftur úr. Markaðurinn breytist og við verðum að vera tilbúin að breytast með honum.

HVAÐ ER ÞAÐ MIKILVÆGASTA SEM ÞÉR FINNST AÐ STARFSFÓLK VERSLANA ÞURFI AÐ BÚA YFIR?

Númer eitt, tvö og þrjú er það þjónustulund. Viðskiptavinurinn á að vera forgangsríði og það skiptir miklu hvernig tekið er á móti honum og að upplifun hans sé góð.

HVERNIG FINNST ÞÉR VERSLUNIN HAFNA PRÓAST?

Próunin hjá okkur hefur verið mjög góð. Við erum núna með tvær verslanir á bestu stöðum á landinu og höfum verið að breyta útliti verslana og erum mjög ánægð með þær breytingar sem hafa orðið hjá okkur á undanförunum árum. Svo er sport og útivist alltaf að verða meiri áberandi lífsstíll og tíska og höfum við verið að aðlaga okkur að því og tekist vel.

ENGINN DAGUR ER NÁKVÆMLEGA EINS ÞEGAR MAÐUR VINNUR Í VERSLUN EÐA ER Í FRAMLÍNU Í STARFI OG ÞAÐ GERIR STARFIÐ MJÖG SKEMMTILEGT.

08.00 Mæti í vinnuna og undirbý daginn. Fer yfir tölvupósta og skoða söluskýrslu frá deginum áður og fer yfir verkefni dagsins og stilli þeim upp.

09.30 Er með stutta morgunfundi alla daga þegar starfsmenn mæta til vinnu. Þar er farið yfir verkefni dagsins og hvað er á döfinni hjá okkur. Þegar við fáum nýjar vörur inn kynni ég þær á morgunfundinum.

10.00 Fundur með vörustjórum og framkvæmdastjóra einu sinni í viku þar sem við förum yfir liðna viku og markaðsáætlun fyrir komandi helgi sem og önnur mál.

11.30 Fer yfir búðina og athuga hvort það er eitthvað sem vantar eða hvort breyta þarf útstillingum.

12.30 Tek á móti endurpöntunum og nýjum vörum sem koma til okkar daglega. Flokka þær og útteili verkefnum til starfsmanna. Ég er mjög heppinn að hafa fært starfsfólk í vinnu og þekkja þau verkefnið mjög vel og ganga oftast sjálf til verka.

13.00 Eftir hádegi sinni ég oft verkefnum eins og þau koma. Þetta getur verið allt frá því að sinna almennum starfsmannamálum, vaktaplönun, ræða við birgja, sameina vörur milli búða eða aðstoða viðskiptavini.

16.00 Áður en ég fer heim ræði ég við ráðandi vaktstjóra sem sér um að loka búðinni um hvernig staðan er og förum við yfir hvað á eftir að gera til að ljúka þessum degi. ■



TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á KOSNINGALÖGUM VR

Stjórn VR mun leggja fram tillögur að breytingum á kosningalögum félagsins á aðalfundi VR árið 2018. Breytingartillögurnar eru sjö talsins og stuðla allar að því að kosningar í félaginu verði annað hvert ár í stað kosninga á hverju ári eins og nú er. Þá lengist einnig kjörtímabilið úr tveimur árum í fjögur en slíkar breytingar hafa verið til umræðu á síðustu árum. Var tillaga þess efnis borin upp á aðalfundi félagsins 2014 en henni var þá vísað frá þar sem meirihluti fundarmanna taldi breytinguna þurfa frekari kynningu. Er það meðal annars þess vegna sem breytingartillögurnar eru kynntar með svo góðum fyrirvara nú.

FYRSTA OG ÖNNUR BREYTINGARTILLAGA

Þessar tillögur snúa að kosningu formanns og stjórnar VR, gr. 20.1 og gr. 10. Gera þær ráð fyrir að formaður skuli kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár, í stað annars hvers árs eins og nú er.

Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára, í stað tveggja ára, og fimm varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu, í stað þriggja varamanna til eins árs eins og nú er.

ÞRIÐJA BREYTINGARTILLAGAN

Þriðja tillagan snýr að kjörseðlum og röðun á lista, gr. 20.4. Í stað röðunar á kjörseðli í stafrófsröð skal draga um röð frambjóðenda á kjörseðli og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Eins og áður skal sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði skipa 1. sæti í stjórn en næsta sæti skipar sá sem fær flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu og svo framvegis. Þetta er gert til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR. Þeir sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára, í stað tveggja ára eins og nú er, og næstu fimm teljast réttkjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára, í stað eins árs eins og nú er. Við þetta bætist að ef fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni er ekki nægjanlegur til jafnrar kynjaskiptingar skal fjöldi atkvæða ráða röðun á listann.

FJÓRÐA BREYTINGARTILLAGAN

Fjórða tillagan snýr að kosningu í trúnaðarráð, gr. 20.2, segir að annað hvert ár skuli kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til fjögurra ára í senn, í stað kosningu árlega til tveggja ára í senn. Að auki skulu tíu kosnir til vara til tveggja ára í senn.

FIMMTA BREYTINGARTILLAGAN

Fimmta tillagan snýr einnig að trúnaðarráði, gr. 14. Óbreytt er hverjir sitja í trúnaðarráði en auk stjórnar sitja stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar

kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu, en í stað tveggja ára skulu þeir kosnir til fjögurra ára í senn en að auki verði tíu kosnir til vara til tveggja ára í senn. Þá er lagt til að auk ofangreindra eigi seturétt í ráðinu, án atkvæðisréttar, þeir frambjóðendur í stjórnarkjöri sem ekki ná kjöri og eiga þann rétt til næstu kosninga. Eins og áður er formaður félagsins einnig formaður trúnaðarráðs og skal hann boða til fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

SJÖTTA BREYTINGARTILLAGAN

Sjötta tillagan fjallar um stjórnir deilda VR, gr. 15, en þær eru kosnar á deildarfundum og skal kjörtímabil þeirra vera fjögur ár í stað tveggja ára eins og nú er. Hlutverk deilda er eftir sem áður að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum á þeirra landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarnar og landssvæðin. Þá er fjöldi stjórnarmanna óbreyttur, þrjú aðalmenn og þrjú varamenn.

SJÖUNDA BREYTINGARTILLAGAN

Sjöunda tillagan snýr að bráðabirgðaákvæði í lögum vegna ofangreindra lagabreytinga og fjallar um afbrigði kosninga árin 2019-2020.

Bráðabirgðaákvæði I: Kosningar árið 2019 skulu vera með hinu nýja sniði í gr. 20.1 og 20.2, það er að segja kosning formanns og stjórnar og kosning í trúnaðarráð, en með því afbrigði að varamenn í stjórn skulu vera þrjú og með kjörtímabil til eins árs. Kjörtímabil hinna tíu varamanna í trúnaðarráð skal einnig vera eitt ár.

Kosningar árið 2020 skulu vera með því afbrigði að kjörtímabil bæði aðalmanna og varamanna í stjórn skal vera eitt ár. Einnig skal fjöldi varamanna í stjórn vera þrjú. Þeir 41 og tíu varamenn sem kjörnir eru í listakosningu í trúnaðarráð skulu einnig vera með kjörtímabil í eitt ár.

Næsta kosning þar á eftir verður árið 2021 og svo koll af kolli annað hvert ár og þá að fullu samkvæmt nýjum reglum. ^{VR}

HVAÐ ER STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

STARFSMENNTASJÓÐUR

STARFSMENNTASTYRKUR

75% af skráningargjaldi – hámark 90.000 kr. á ári.

- Starfstengd námskeið.
- Starfstengd netnámskeið.
- Almenn nám til eininga.
- Tungumálanámskeið.
- Sjálfstyrkingarnámskeið (sem er ekki hluti af meðferðarúrræði).
- Ráðstefnur sem tengjast starfi umsækjanda.
- Stjórnendapjálfun/starfstengd markpjálfun.

FERÐASTYRKUR

50% af fargjaldi – hámark 30.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk.

- Þegar félagsmaður þarf að ferðast meira en 50km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar getur hann sótt um ferðastyrk.

TÓMSTUNDASTYRKUR

50% af námskeiðsgjaldi – hámark 20.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk.

- Námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um styrk vegna tómsundanámskeiða sem haldin eru innanlands.



HVAÐ FELLUR UNDIR STARFSTENGDA STYRKI?

NÁMSKEIÐ

Námskeið sem tengist starfi viðkomandi félagsmanns og starfstengt netnám.

SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐ

Athugið að sjóðunum er ekki ætlað að styrkja námskeið sem hafa það að markmiði að vinna með heilsubrest einstaklinga. Námskeið sem eru hluti af meðferðarúrræðum vegna heilsubrests eru því ekki styrkt sérstaklega af starfsmenntasjóðunum.

NÁM

Nám til eininga og réttinda, ráðstefnugjald erlendis og innanlands og tungumálanámskeið. Athugið að hvorki er veittur styrkur vegna gistingar né upphalds tengt starfsmenntuninni. Vegna starfstengdra ráðstefna erlendis og innanlands þarf dagskrá ráðstefnu að fylgja umsókn og tengill á vefsíðu.

STJÓRNENDAPJÁLFUN

Stjórnendapjálfun / starfstengd markpjálfun, að hámarki 12 tímar innan almanaksárs. Á reikningi verður að koma fram að pjálfunin sé starfstengd og fjöldi tíma.

Ef óljóst er hvernig námskeiðið tengist starfi viðkomandi verður rökstuðningur að fylgja umsókninni. Skilyrði fyrir starfsmenntastyrk er að félagsmaðurinn greiði sjálfur námskeiðsgjald/ráðstefnugjald og þurfa greiðslukvittanir að fylgja umsóknnum.

HVAR SÆKI ÉG UM STYRK Í STARFSMENNTASJÓÐ?

Hjá þínu stéttarfélagi.

HVERSU LENGI Á ÉG RÉTT Í STARFSMENNTASJÓÐ VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

Það fer eftir því hvenær greiðslur hætta að berast. Ef greiðslur hafa ekki borist í 6 mánuði þá falla réttindi niður.

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is



MIKIL PÓLÍTÍK Í VERKALÝÐSHREYFINGUNNI

Í byrjun árs tók nýr formaður við stjórnartaumunum hjá VR. Fjola Helgadóttir settist niður með Ragnari Þór og ræddi fyrsta ár hans í formannssæti og um hvað er framundan.

HVAÐ HEFUR KOMIÐ ÞÉR MEST Á ÓVART VARÐANDI STARF FORMANNS?

„Það sem kom mér skemmtilega á óvart voru móttökur frá starfsfólki VR. Öll samskipti við starfsfólk hafa verið frábær og sú fagmennska sem hér ríkir; ég gæti ekki hrósað starfsfólki VR nógu mikið. Varðandi starfið sjálft hafa þessi átta ár sem ég sat í stjórn VR verið algert lyklatríði og mikilvægt að hafa þennan bakgrunn enda mikilvægt að læra inn á félagspólitíkina. Ég er búinn að sjá ótrúlega hluti gerast á þessum átta árum í stjórninni. Það er miklu meiri pólitík í verkalyðshreyfingunni en fólk gerir sér grein fyrir. Ég hef fengið mjög góðan hlómgrunn úti í samfélaginu en það eina sem mun ekki koma mér á óvart, og ég er alveg viss um að muni gerast, er að það verður farið á móti mér í næstu kosningum. Það eru öfl innan verkalyðshreyfingarinnar sem vilja mig ekki en ég missi engan svefn yfir því, ég er alveg sáttur við það. Ég er hérna í umboði félagsmanna og var kosinn hingað inn. Ef það er ekki eftirspurn eftir mínum áherslum og því sem ég er að gera eftir eitt og hálf ár þá finn ég mér bara eitthvað annað að gera. Að sama skapi finnst mér þetta ótrúlega skemmtilegt og þetta starf á alveg svakalega vel við mig. Við höfum náð að koma flottum málum að eins og herferðinni um „þekktu þinn rétt“, kaupmáttarreiðknivélinni og við í stjórninni höfum einnig verið að skoða byltingarkenndar hugmyndir í húsnáðismálum og þá hvort við eigum að koma að stofnun leigufélags en þetta er allt enn á hugmyndastigi.“

UPP HEFUR KOMIÐ TÚLKUNARÁGREININGUR VARÐANDI TILGREINDU SÉREIGNINA HJÁ LÍFEYRISJÓÐUNUM. FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ HEFUR GEFIÐ ÚT AÐ TILGREINDRI SÉREIGN MEGI SJÓÐFÉLAGAR RÁÐSTAFI Í ÞÁ SJÓÐI SEM ÞEIR VILJA EN ASÍ VILL FRESTA ÞEIRRI ÁKVÖRÐUN UM ÁR OG FÆRA SÉREIGNINA AFTUR YFIR Í SAMTRYGGINGARHLUTANN. HVER ER ÞÍN SKOÐUN Á ÞESSU OG HVERNIG MUNTU BEITA ÞÉR Í ÞESSUM MÁLUM?

„Þetta er auðvitað frekar flókið mál og furðulegt af ASÍ að vilja flækja málin enn frekar fyrir fólk. Þetta gengur í raun út á það að fólk átti að hafa val hvort það setti þetta í samtryggingarhlutann eða væri með séreign. ASÍ vill fresta því að fólk hafi val hvernig það ráðstafar þessari viðbót og af því það er ekki búið að breyta lögum þá vilja þeir færa þessa viðbót aftur yfir í samtryggingarhlutann til þess að pressa á ríkið að setja lög. ASÍ ætti frekar að vinna í því að fá lög in gegn í staðinn fyrir að taka þennan rétt af fólk. Það sem þeir vilja gera með þessu er að reyna að halda iðgjaldinu hjá almennu sjóðunum. Þeir eru hræddir um að sjóðfélagar fari með þetta auka-iðgjald til annarra lífeyrissjóða utan þess kerfis sem aðilar vinnumarkaðarins, SA og ASÍ, sjá um. Fjármálaeftirlitið er búið að gefa út hálfgerða tilskipun um að það megi ráðstafa þessu í hvaða sjóð sem er og er líka búið að gefa út að ASÍ geti ekki breytt þessu nema með því að breyta samþykktum lífeyrissjóðanna. Það þýðir einfaldlega að lífeyrissjóðirnir verða að starfa eftir reglum og leiðsögn FME og þurfa því að fara eftir þessu.“

HVAÐ ÆTTU FÉLAGSMENN VR AÐ GERA Í STÖÐUNNI?

„Ég vil hvetja alla félagsmenn VR til að sniðganga þetta minnisblað ASÍ og fara í sinn lífeyrissjóð og færa bara þennan sparnað yfir í séreign eða til annarra sjóða og sniðganga álit ASÍ um að fresta þessu. Ég fór sjálfur daginn eftir að þetta bréf var birt og færði séreignina mína. Margir félagsmenn kusu með kjarasamningnum síðast af því að þeir gátu ráðið því hvað þeir gerðu við iðgjöldin. Þetta er klárt brot á þeim forsendum sem fólk taldi sig vera að kjósa með kjarasamningnum. Allir sem ég hef talað við af okkar félögum eru mjög óánægðir með þetta og hefðu mjög líklega ekki samþykkt samninginn ef þetta hefði ekki verið inn í honum. Það eru mjög margir eldri félagsmenn okkar mjög reiðir yfir þessu. Þetta er með öllu óskiljanlegt.“

NÚ ERU KJARASAMNINGAR LAUSIR Í FEBRÚAR, HVERT VERÐUR FRAMHALDIÐ?

„Það er komin upp gríðarlega flókin staða því samningar eru að losna hjá hinu opinbera en Kennarasambandið er nú komið með sinn eigin Ragnar Þór (!) og verður áhugavert að fylgjast með þar. Ég held að ríkisstjórnin komi til með að gegna lykilhlutverki í komandi kjarasamningum en þau verða að koma með eitthvað að borðinu enda með ákvörðun Kjararáðs á herðunum og það er rosalega mikið reiði í samfélaginu vegna þess. Ríkið gerði stöðugleikasáttmála í síðustu kjarasamningum sem fóli í sér að ákveðinn hófsemi í launahækkunum yrði gætt en á sama tíma taka þau miklar hækkunir sjálf og fara engan veginn eftir því sem þau predika yfir öðrum. Það er því mikilvægt að koma á jafnvægi á vinnumarkaðnum og óvíst hvort það verður í formi vaxtalækkana, hækkunar persónuafsláttar eða hvort það komi með einhverju móti í gegnum skattkerfið, barnabæturarnar eða húsnáðisbótakerfið. Nú er að fylgjast með og sjá hvaða áherslur ríkisstjórnin verður með í efnahagsmálunum og út frá því þurfum við að setjast niður.“

HVERJAR MYNDU VERÐA ÁHERSLUR STJÓRNAR VR Í KJARAVIÐRÆÐUNUM?

Við í stjórn VR viljum stefna að skattleysi lægstu launa, við viljum bæta kjör eldri félagsmanna og við viljum fara í að stytta vinnuvikuna. Að stytta vinnuvikuna gerir líf okkar fjölskylduvænna og betra. Við erum einnig að skoða hvort möguleiki væri á að veikindaréttur gæti teygst sig til veikinda foreldra enda oft sem fólk þarf að vera frá ef foreldrar þeirra veikjast. Svo er líka réttarvernd skammarlega lítil á Íslandi, til dæmis hjá þeim sem skulda. Ef fólk veikist þá er því bara ráðlagt að ráða sér lögfræðing gagnvart tryggingarfélagunum eða fjármálafyrirtækjum. Tíminn hjá lögfræðingi kostar nú bara 40 þúsund krónur. Það sér það hver maður að það er gersamlega galið að vísa fólk sem á í lánavanda til lögfræðinga. Þetta fólk á kannski ekki einu sinni fyrir mat. Neytendaréttur er gjörsamlega fótum troðinn hér á landi. Hvert sem maður lítur, hvort sem það er hjá fjármálafyrirtækjum, leigufélögum eða tryggingafélögum. Þetta er veruleikinn sem blasir við í dag og þetta er það sem ég tel að stéttarfélagin þurfi að berjast fyrir fyrir sína félagsmenn.“ [væ](#)



Heimsókn í Expectus.



Heimsókn í Eirvík.



Heimsókn í Margt smátt.

VILTU FÁ OKKUR Í HEIMSÓKN?

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur að undanförunni heimsótt vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu, spjallað við starfsmenn og fengið leiðsögn um vinnustaði. Með Ragnari Þór í heimsóknirnar fer einnig sérfræðingur á kjaramálasviði VR. Í heimsókninni gefst starfsmönnum tækifæri til að ræða málefni félagsins, kjarasamninga og hvaðeina sem hugur stendur til. Mikilvægt er fyrir starfsfólk VR að hitta félagsmenn og heyrja þeirra hugmyndir og viðhorf til þess sem félagið er að gera.

Ef þú hefur áhuga á að fá heimsókn frá VR á þinn vinnustað getur þú sent okkur tölvupóst á vr@vr.is eða hringt í síma 510-1700. [væ](#)



TRÚNAÐARMAÐURINN KOLBRÚN DIEGO

Starfsheiti: Afgreiðslukona
Vinnustaður: Apótek Costco

HVAÐ HEFURÐU UNNIÐ LENGI HJÁ COSTCO?

Ég byrjaði 20. febrúar í skúrunum sem þá voru hérna, þá í markaðs og meðlimadeild en færði mig síðan yfir í apótekið í byrjun október.

HVERNIG LEGGST NÝJA TRÚNAÐARMANNASTARFIÐ Í ÞIG?

Mér finnst það spennandi. Ég tel mikilvægt að koma góðu samstarfi á á

milli starfsmanna og yfirmanna. Það er margt sem Bretarnir þurfa að læra á íslenska vinnumarkað, t.d. hversu öflugt stéttarfélag við höfum á bak við okkur og hversu sterk réttindi okkar eru.

HEFURÐU KYNNT ÞÉR NÁMSKEIÐIN SEM VR BÝÐUR UPP Á FYRIR TRÚNAÐARMENN?

Já og er strax búin að skrá mig á fyrsta námskeiðið. Mér finnst mikilvægt að eiga þess kost að læra um öll réttindi og skyldur.

HVAÐ GERIRÐU Í FRÍTÍMA ÞÍNUM?

Ég á eiginmann og fjögur börn, tvö þeirra búa ennþá heima og ég átti mitt fyrsta barnabarn núna í lok nóvember. Ég hef gaman af að þrjóna og fönndra og vera með fjölskyldunni en við förum mikið í útilegur og veiði á sumrin. [VR](#)



NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN 2018

11. janúar 2018 kl. 12.00-13.00

KYNNING FYRIR NÝJA TRÚNAÐARMENN

Leiðbeinendur: Ragnar Þór Ingólfsson og Fjóla Helgadóttir

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, tekur á mótinu nýjum trúnaðarmönnum VR. Farið verður yfir helstu atriði varðandi starfsemi og sögu VR auk þess sem Fjóla Helgadóttir, starfsmaður VR, mun ræða um hlutverk trúnaðarmanna.

17., 24. og 31. janúar 2018 kl. 9.00-12.00

MARKÞJÁLFUN, STARF OG HLUTVERK TRÚNAÐARMANNA

Leiðbeinendur: Þyri Ásta Hafsteinsdóttir og Stefánía G. Kristinsdóttir

Kynntar verða aðferðir úr markþjálfun sem trúnaðarmenn geta nýtt til að styðja við samstarfsmenn sína auk þess að efla þá í að setja sér markmið og taka ábyrgð á eigin starfsþróun og líðan. Námskeiðið skiptist í þrjú hluta þar sem skoðaðar verða eftirfarandi aðferðir:

1. Starf trúnaðarmannsins, hegðunar- og samskiptamynstur, skynjun og hvernig lesum við í atferli?
2. Skilningsstöðurnar og hvernig hægt er að nýta þær í samskiptum?
3. Lífsgildi og Joharris-glugginn, hver er ég? Hvernig sjá aðrir mig? Hverju vil ég breyta?

Lögð er áhersla á þátttöku í tímum og æfingum. Vika er á milli tíma svo þátttakendum gefst tími til að æfa sig á námsefninu, bæði sem trúnaðarmenn og í daglegu lífi.

Stefanía G. Kristinsdóttir er fræðslu- og kynningarstjóri hjá SíBS í 60% starfi og framkvæmdastjóri Einurðar ehf. Hún er með BA í heimspeki, MBA, með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og er menntaður NLP practitioner markþjálfari auk þess að búa yfir margvíslegri reynslu af fræðslumálum, nýsköpun, alþjóðlegu samstarfi og byggða- og samfélagsþróun.

Þyri Ásta Hafsteinsdóttir er með BSc í sálfræði. Hún er menntaður stjórnendamarkeðjálfi og NLP practitioner markþjálfari, vinnur sem L.E.T. samskiptaráðgjafi hjá Gordon og er leiðbeinandi í NLP námi sem er á vegum Bruen.

13. febrúar 2018 kl. 9.00-15.30

LESTUR LAUNASEÐLA

Leiðbeinandi: Guðmundur Hilmarrsson, verkefnastjóri hjá Félagsmálaskóla alþýðu

Megináhersla er á skilning námsmanna á uppbyggingu launaseðla og skyldur atvinnurekenda um upplýsingar jafnhliða launagreiðslum. Þjálfun í útreikningum á yfirvinnu, stórhátiðarkaupum og vaktaálagi og vinnutíma eru mikilvægir þættir í náminu. Lögð er áhersla á að námsmenn tileinki sér vönduð vinnubrögð til að lágmarka hættu á mistökum. Meginverkefni námskeiðsins er að nemendur reikna út launagreiðslur frá grunni.

23. mars 2018 kl. 9.00-12.00

KJARAMÁLANÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

Leiðbeinandi: Kjaramálasvið

VR leggur mikinn metnað í að trúnaðarmenn fái allar helstu upplýsingar er snúa að kjaramálum félagsmanna og er þetta námskeið einn liður í því. Farið verður yfir helstu atriði kjarasamninga VR, s.s. veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til að ræða málin og fá svör við spurningum sínum. Námskeið sem trúnaðarmenn ættu ekki að láta framhjá sér fara. Léttur morgunverður í boði.


9. apríl 2018 kl. 9.00-12.00

SJÓÐIR OG ÞJÓNUSTA VR

Leiðbeinandi: Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingur á þróunarsviði VR

Þjónusta VR er víðtæk og varðar alla félagsmenn. Á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð og Starfsmenntasjóð. Einnig verður farið yfir starfsemi starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK og þjónustu VR við atvinnuleitendur. Allir trúnaðarmenn VR þurfa að hafa þekkingu á þessum þáttum og því er mikilvægt að sem flestir trúnaðarmenn nýti sér þetta námskeið. Léttur morgunverður í boði.

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is



	Fristundar krossgátur	TVEIR EINS	GÓÐUR ANDI	ÚR KALDRÍ ATT	VÖÐL- AST		RJÚFA	KOMPU- VATN	LÍKA	AT- KVÆÐI	KALK- STEINN	DAUÐU GRASI
	ARF- BERA							1				
	SKIP											
		STEIN- TEGUND								SEM ÉG Á		
		MÚSÍK- ANT								BEIÐNI		
	SJÓ- MERKI				MESTU							
	BÓK- STAF				TÆPT TÓNLIST						SÓPAR	GAMLA INDÍANA
	AF- BROTTS ÆTLAR						BRIGSLA UM LEIKIÐ					
		VARD- ANDI	SJÓ	VÆGA	SK.ST. SKÓLA NAFNI KONU		ÚTI- ÍPRÓTT USLI		2	TREG ELSKA		
	ÓRUGGT						SKÓT- SKIFULEIK BEKKTUR SKALLA- GRIMSSON					
	NESTIS- POKANN		3								DRYKK- UR AF LAUFUM FORNAFN	5
		STOLIN MAT- HÁKUR			NÆGI- LEGT DREIFA			ELSKAÐI RAMB			SNAGI BRENNI- VIÐ	
	STANS- AD			EITUR TVÆR SÍÐUR				ER VINNA NEÐAN- SJÁVAR ÓLGA				
	TÖLU			SNÆÐI SALL- ANUM			ÓFRÍÐ LÆÐU		ÓSKU- STÓ SYRA		FRAM- LEIÐSL- AN	UM- GERÐAR- INNAR
	GRETT- UR					ÚT- UNGUN KOMP- UM			KEYRÐ- AR RAKTI UPP			
	KOMAST YFIR		7		MANN- NAFN ÁLITIN		6	GREIDDU VEIÐAR- FÆRI			TÓN LENGJ- AST	
	BRÁK- AÐI				FJÆRST ÆÐSTI GUÐ			FÓTTUM				
	SÖNG- HEITI TÓNS			HLUTI AF HEILD KRÓK				DUST ÞAK		LIRFU HAND- LEGG		
		SK.ST. FÉLAGS- FORMS	FER ÚR LAGI MASTUR	4				I SETN- INGU LEYFIST		FLAT- ORMUR ÞRÖNG		
	SKRÍÐU											
	SNURF- US					TULDRI						8
												STEFN- UNNAR



ÚRBÓTA KRAFIST Í HÚSNÆÐIS- OG KJARAMÁLUM

Þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV), sem haldið var á Akureyri í lok október, krefst úrbóta í húsnæðis- og kjaramálum. Staðan á húsnæðismarkaði er óviðunandi en skortur er á húsnæði á hagstæðu verði bæði til kaups og leigu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ályktun húsnæðisnefndar á 30. þingi Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV). Kjara- og húsnæðismál voru helstu mál þingsins.

KJARAMÁL

Í ályktun kjaramálanefndar þingsins er þess m.a. krafist að réttur til launa vegna veikinda barna undir 18 ára aldri í kjarasamningi verði endurskilgreindur þannig að hann eigi einnig við um veikindi foreldra og maka launþega. Ályktunin er birt í heild sinni hér að neðan.

Ályktun um Kjaramál

Þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, haldið á Akureyri dagana 13.-14. október 2017, ályktar að aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum, verði með þeim hætti að lögð verði sérstök áhersla í langtímasamningi á hækkun persónuafsláttar með það að markmiði að lágmarkslaun verði orðin skattfrjáls í lok samningstímans. Einnig að farin verði blönduð leið krónutölu- og prósentuþækkana launa. Að vextir verði lækkaðir og húsnæðisliður verði tekin út úr vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Að lífeyrisgreiðslur atvinnurekenda af launum haldi áfram eftir 70 ára aldur í stað þess að falla niður.

Þess er enn fremur krafist að réttur til launa vegna veikinda barna undir 13 ára aldri verði endurskilgreindur í kjarasamningi þannig að hann gildi til 18

ára aldurs og hann geti einnig átt við um veikindi foreldra og maka launþega. Þá er þess krafist að settur verði inn í kjarasamning kafi um vaktavinnu sem þörf er orðin á með breytingum á vinnumarkaði.

Stefnt skuli að því að vinnuvika styttest í áföngum til aukningar lífsgæða launþega og fjölskyldna þeirra. Krafist er að eftirvinna verði felld úr samningi þannig að eingöngu sé um dag- og yfirvinnu að ræða. Því er einnig beint til samningsaðila að taka til endurskoðunar slysaþæfla kjarasamninga með það að markmiði að veikinda- og slysaréttur sé sá sami. Lagt er til að ofangreindar kröfur verði lagðar til grundvallar þriggja til fjögurra ára kjarasamningi.

Húsnæðismál

Staða kaupenda er erfið og þá sérstaklega þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu eign. Algengt er að leigjendur standist ekki greiðslumat þó húsaleiga sem verði er að greiða sé hærrí en greiðslumatíð segir til um. Svo segir í ályktun húsnæðisnefndar þingsins en ályktunina má lesa í heild sinni hér að neðan.

Ályktun um Húsnæðismál

Þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna telur að staðan á húsnæðismarkaði sé óviðunandi. Skortur er á húsnæði á hagstæðu verði bæði til kaups og leigu. Staðan á húsnæðismarkaði er óviðunandi en skortur er á húsnæði á hagstæðu verði bæði til kaups og leigu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ályktun húsnæðisnefndar á 30. þingi Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV). Kjara- og húsnæðismál voru helstu mál þingsins.

Byggja þarf upp fjölbreyttan leigumarkað svo leigjendur geti leigt húsnæði á viðráðanlegu verði og búið við húsnæðisryggi. Tryggja verður réttindi leigjenda með öflugri löggjöf og auknu eftirliti. Krafist er áframhaldandi uppbyggingar á óhagnaðarfrífnum leigufélögum í líkingu við Bjarg íbúðarfélag. Jafna þarf opinberan stuðning leigjenda og þeirra sem eiga eigið húsnæði svo að húsnæðisbætur hækki til jafns við vaxtabætur.

Krafist er að sveitarfélög klári gerð húsnæðisáætlana og tryggi nægt lóðaframboð fyrir fjölbreytt búsetuform. Þess er krafist að vextir á húsnæðislaunum verði lækkaðir þannig að vaxtastigið verði sambærilegt og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Huga þarf að fjölbreyttari úrræðum fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu eign.

Stjórn LÍV Kjörin

Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, var endurkjörinn formaður LÍV en Guðbrandur hefur verið formaður Landsambandsins undanfarnir fjögur ár.

Aðrir í stjórn LÍV voru kjörnir: Ragnar Þór Ingólfsson VR, Kristín María Björnsdóttir VR, Eiður Stefánsson FVSA, Guðmundur Gíls Einarsson VR, Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir VR, Hjörtur Geirmundsson Vfm. Skagafjarðar. Varamenn eru Ólafur Reimar Gunnarsson VR, Jóna Matthíasdóttir Framsýn, Bryndís Kjartansdóttir VS, Bjarni Þór Sigurðsson VR, Anna María Elíasdóttir FVSA, Dóra Magnúsdóttir VR og Þórhildur Ragna Karlsdóttir VR. [v](#)



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Tignarleg“

Vinningshaf krossgátunnar úr síðasta blaði er **Gréta Vigfúsdóttir**. Gréta vinnur hjá Mjólkursamsölu í Reykjavík. Hún hóf störf hjá Osta- og smjörslunni sf. árið 1971. Gréta hefur verið í VR síðan þá með hléum þegar hún átti börnin sín tvö. Áhugamál hennar eru allskyns handavinna, t.d. útsaumur, þrjón, perlusaumur og margt fleira. Þetta er í fyrsta sinn sem Gréta sendir inn lausn á krossgátu VR. Við óskum Grétu innilega til hamingju!

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „krossgáta“ utan á umslag. **Skilafrestur er til 15. janúar 2018.** Utanáskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is



NÝTT DIPLÓMANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG VERSLUNARSTJÓRNUN

60 ECTS eininga nám með vinnu
Samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst,
Háskólans í Reykjavík, SVS og SV

Námið er tveggja ára dreifnám með vinnu og eru grunnáfangar þess Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun, Kaupmennska, og Verslunarréttur sem eru sérstaklega hannaðir fyrir nám í verslunarstjórnun. Einnig taka nemendur áfanga í rekstrarhagfræði, stjórnun, mannauðsstjórnun, þjónustustjórnun og reikningshaldi ásamt einum valáfanga sem nú þegar eru kenndir til BS gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík. Hægt er að sitja áfangana þar sem námsmanni hentar, hvort sem er í staðnámi í HR eða í fjarnámi frá Bifröst.

Námið byggir á ítarlegri greiningu á starfi verslunarstjóra og veitir góðan grunn í viðskipta- og verslunarrekstri.

Hluti af náminu verður í formi vinnustofa þar sem stjórnendur úr atvinnulífinu greina frá því helsta sem er að gerast í starfsgreininni. Sérstakur náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendahópnum og veitir ráðgjöf.

Námið hefst á einum áfanga, Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun nú á vorönn 2018 og er umsóknarfrestur til **20. janúar 2018**. Einnig er í boði að hefja fullt nám þegar á fyrstu önn og er umsóknarfrestur um slíkt til **10. desember 2017**. Hægt er að sækja um á vef VR, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík.

Þróun og greiningarvinna verkefnisins um fagháskólanám var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

